ÁRSSKÝRSLA 2020

FJÖLNIR

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT 2

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA 6

FÉLAGIÐ 8
SJÁLFBOÐALIÐINN 8
NOKKRIR VIÐBURÐIR FÓRU FRAM Á ÁRINU 8
NOKKRIR VIÐBURÐIR SEM EKKI FÓRU FRAM Á ÁRINU VEGNA COVID-19 9

AÐALSTJÓRN 12

STARFSMENN FJÖLNIS 13

SKIPULAG FÉLAGSINS 15

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR 16

STEFNUMÁL OG GILDI 17
AÐSTÖÐUMÁL 20
STARFSEMI FÉLAGSINS 22
FJÁRMÁL 24
STYRKTARAÐILAR 28
DAGLEGA STARFIÐ 29
VERKEFNIN FRAMUNDAN 31

FIMLEIKAR 35

ÁVARP FORMANNS 35
FIMLEIKAR FYRIR ALLA 38
LEIKSKÓLAHÓPAR 38
BYRJENDAHÓPAR 38
ÆFINGAHÓPAR 38
PARKOUR 38
FULLORÐINSFIMLEIKAR 38
LEIKFIMI 60+ 38
GRUNNFIMLEIKAR 39
HÓPFIMLEIKAR 40
SUMARÆFINGAR 40
SUMARFRÍSTUND 40
ÍÞRÓTTAFÓLK FIMLEIKADEILDAR 40
FIMLEIKASAMBANDSMÓT 41

SKRIFSTOFA OG ÞJÁLFARAR 42

FRJÁLSAR 43

STARFSEMIN 44
ÍSLANDSMEISTARAR Á ÁRINU 2020: 47
AÐSTÖÐUMÁL: 48

HANDBOLTI 51

STARFSEMIN 51

ÍSHOKKÍ 54

YNGRI FLOKKAR BJARNARINS 57
MEISTARAFLOKKUR KVENNA 57
MEISTARAFLOKKUR KARLA 58
FRAMUNDAN 58

KARATE 59

INNGANGUR 60
STJÓRN 60
ÞJÁLFARAR 61
STARFSÁRIÐ 62
FÉLAGSSTARFIÐ 62
REKSTRARÁRANGUR 64

KNATTSPYRNA 65

STARF YNGRI FLOKKA 66
MEISTARAFLOKKUR KARLA 67
MEISTARAFLOKKUR KVENNA 68

KÖRFUBOLTI 70

STARFSEMIN 71
MEISTARAFLOKKUR KVENNA 74
MEISTARAFLOKKUR KARLA 75

LISTSKAUTAR 76

SKÝRSLA FORMANNS 77

FJÁRMÁL **81**
STARFSEMI LISTSKAUTADEILDAR **81**
IÐKENDUR, ÞJÁLFARAR OG KEPPNISTÍMABILIÐ 81
IÐKENDUR 81
ÞJÁLFARAR 81
ÞÁTTTAKA Í INNLENDUM MÓTUM 82
ÞÁTTTAKA Í ERLENDUM MÓTUM 83
FRAMUNDAN 83

SKÁKDEILD **84**

STARFSEMIN **84**

SUND **90**

ÞJÁLFARAMÁL **92**
NÁMSKEIÐ **93**
FRAMTÍÐARHORFUR **96**
SAMSTARF **96**
MÓTAMÁL **98**
FORELDRASTARF **99**

TENNIS **101**

FJÁRMÁL **102**
AÐSTÖÐUMÁL **102**
ÆFINGAR **102**
MÓTAMÁL **102**
ÍSLANDSMEISTARAMÓT UTANHÚSS 2020 102
REYKJAVÍKURMÓT 2020 103
ÍSLANDSMÓT 2020 – LIÐAKEPPNI 104
FARSÓTTIN **104**
FRAMTÍÐARHORFUR **104**

ÍÞRÓTTAFÓLK OG FJÖLNISMAÐUR ÁRSINS **106**

FJÖLNISMAÐUR ÁRSINS 2020 **106**
ÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS 2020 **107**
ÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS 108

FRAMTÍÐ HVERFISINS **111**

UMF. FJÖLNIR ÁRSREIKNINGUR SAMSTÆÐU 2020 **113**

SKÝRSLA STJÓRNAR	**114**
REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2020	**115**
EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2020	**116**
YFIRLIT DEILDA ÁRIÐ 2020	**116**
	117
SKÝRINGAR	**144**

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Guðmundur L. Gunnarsson framkvæmdastjóri

Árið 2020 fór líflega á stað hjá okkur í Fjölni. Markmiðin voru skýr að þróa félagið áfram með bættri aðstöðu og efla árangur í keppni afrekshóða og einstaklinga hjá félaginu ásamt því að sinna sífellt stærri og fjölbreyttari hópi af iðkendum á öllum aldri sem vilja nýta sér þjónusta og tengjast félaginu. Að vanda hófst árið á glæsilegu þorrablóti sem var haldið í Fjölnishöllinni í Egilshöll. Uppselt var á blótið og voru rúmlega 1.440 gestir í mat og hátt í 1.700 hundruð manns sem skemmtu sér vel á kvöldinu. Ég vil nota tækifærið hér og þakka öllum fyrir skemmtunina og mínu frábæra samstarfsfólki Málfríði Sigurhansdóttur, Jósep Grímssyni og Valgerði Sigurðardóttur fyrir frábært samstarf.

En svo skall Covid-19 á landinu og fórum við ekki varhluta af því. Starfsemin stoppaði að verulegu leyti og við tók ár sem við vorum að vinna í því að gera það besta úr stöðunni á hverjum tíma. Má segja að nánast öll keppni og viðburðir hafi að engu orðið hjá okkur. Allir sem að koma hjá okkur, starfsmenn, þjálfarar, iðkendur, sjálfboðaliðar, stjórnarfólk, foreldrar og styrktaraðilar gerðu sitt besta við að halda úti starfinu í samræmi við þær hömlur sem lagðar voru á landið. Öflugar heimaæfingar voru sendar út og um leið og það mynduðust gluggar til að æfa og keppa þá voru allir tilbúnir að nýta þá vel. Við viljum þakka öllum þessum aðilum fyrir að halda haus og gera það besta úr stöðunni og vinna að því að halda íþrótta- og félagsstarfinu gangandi.

Á árinu tókum við í notkun Fjölnishellinn í austurenda Egilshallar en þar fékk frjálsíþróttadeild félagsins langþráða aðstöðu fyrir sína iðkendur og þá aðallega þá yngri. Með tilkomu þessara aðstöðu hefur snarfjölgað í frjálsíþróttadeildinni sem er mjög ánægjulegt sem sýnir okkur að góð aðstaða skiptir miklu máli í starfinu. Einnig nýtist þessi aðstaða vel til þrekæfinga fyrir deildir félagsins og skokkhópur félagsins hefur flutt sína starfsemi þangað.

Skautadeildirnar okkar, hokkí og listskautar héldu áfram að þróa sig á árinu en Covid-19 dró verulega kraftinn úr starfinu en við höldum áfram að efla þessar deildir hjá okkur í framtíðinni. Við stefnum á að halda áfram þróun á svæðinu okkar í kringum skautasvellið á árinu 2021 í samstarfi við Reginn og Reykjavíkurborg.

Uppbygging á félagssvæðinu okkar í Egilshöll fór í frost um leið og Covid-19 skall á og er von okkar við getum tekið upp þráðinn á árinu 2021 og þá unnið með þessi verkefni.

- Þróun nýjum keppnisvelli í knattspyrnu við Egilshöll
- Þróun á útisvæði í kringum aðalkeppnisvöll
- Klára stækkun á skrifstofu
- Ný fundaraðstaða
- Þróun á félagssvæðinu uppi á skautasvelli
- Gera Fjölnishöll að keppnisvelli
- Nýja markatöflu á skautasvelli

Frístundaakstur var keyrður allt árið 2020 en aðalmarkmiðið með þessu er að aðstoða fjölskyldur og börn í 1. – 2. bekk að mæta strax til æfinga eftir skóla og vera búin með sinn vinnudag kl. 16. Geta þar með notið þess að vera með fjölskyldunni eftir það. Þetta er líka umhverfisvæn þjónusta, minnkar skutl og gerir sumum börnum einfaldlega kleift að stunda íþróttir.

En þessi þjónusta kostar og þrátt fyrir styrk frá Reykjavíkurborg þá dugar það ekki til og leggst því milljóna kostnaður á félagið. Ekki hefur verið fjárhagslegur vilji hjá Reykavíkurborg að skoða þetta betur með okkur enn eitt árið. Við ætlum að skoða þetta verkefni betur fyrir haustið 2021.

Við viljum hins vegar mikla samvinnu við leikskóla, skóla og frístundaheimili en allir þessir aðilar gegna hlutverki í uppeldi og þroskaferli barna og unglinga. Þessir aðilar sinna þjónustu fyrir íbúana og eru allir reknir af borginni eða njóta styrkja frá borginni til að sinna sínu hlutverki. Það er því mikilvægt að þeir geti unnið saman og samhæft sína þjónustu gagnvart íbúum, sérstaklega með því að tryggja að þjónustutíminn rúmist innan hefðbundins vinnudags, en einnig til að styrkleikar hvers einstaklings fái notið

sín. Með hliðsjón að þessu og góðri nýtingu mannvirkja þá teljum við frístundaakstur og gott samstarf við skólaumhverfið mikilvægt og vonandi tekst okkur að þróa það með hagsmuni iðkenda og foreldra að leiðarljósi.

Markaðs- og kynningarstarfið hjá félaginu hélt áfram að eflast á árinu í takt við áherslur okkar. Við réðum inn tímabundið Evu Björgu til að vinna í markaðsmálum fyrir okkur í október og hefur hún komið vel inn í okkar hóp. Notkun á skjáum félagsins í Dalhúsum, Fjölnishöll og í anddyri Egilshallar hafa verið auknar og notkun samfélagsmiðla hefur vaxið mikið en þar er erum við mjög stolt af verkefninu „kynning á þjálfurum félagsins“ þar sem þeir eru kynntir á miðlunum. Aðrar kynningar á leikjum og viðburðum hafa líka orðið markvissari og skipulagðari.

Félagið

Félagið er eitt stærsta félag landsins og var reksturinn krefjandi þar sem stærð félagsins og fjölbreytt úrval á þjónustu, auknar kröfur frá iðkendum, foreldrum, afrekshópum og samfélaginu veldur því að við höfum þróast hraðar heldur en stuðningur Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir. Við munum vinna í því á næstu mánuðum að fá aukinn rekstrarstyrk til að geta þróað félagið áfram, veitt þá þjónustu sem krafist er af okkur. Félagið fer að fá inn nýja iðkendur samfara nýbyggingum í Bryggjuhverfi og svo þegar Höfðinn fer í uppbyggingu.

Sjálfboðaliðinn

Stuðningur og þátttaka foreldra er mikilvæg fyrir börn og unglinga til að þau ílengist í íþróttastarfi. Eflir það tengsl barna og foreldra ásamt því að styrkja félagsleg tengsl þeirra. Fjölnir reiðir sig mikið á þátttöku foreldra í starfsemi sinni og er hún því einnig mjög mikilvægur hlekkur í allri keðjunni. Ég vil hvetja foreldra og aðra forráðamenn að taka virkan þátt í starfinu hjá félaginu svo okkur takist að halda vel utan um börnin og að afreksstarf geti þróast og blómstrað hjá okkur.

Nokkrir viðburðir fóru fram á árinu

- Þorrablót
- Fjölnishlaupið
- Rafrænt Októberfest

Nokkrir viðburðir sem ekki fóru fram á árinu vegna Covid-19

- Extramótið í knattspyrnu
- Árgangamótið í knattspyrnu
- Fjölnisjaxlinn
- Vorsýning fimleikadeildar
- Vorsýning listskautadeildar
- Íslandsmót í fimleikum
- Fjölliðamót í handbolta og körfubolta
- Skautamót
- Sundmót
- Önnur mót og viðburðir

Eldri borgarar hafa ekki sést mikið hjá okkur á þessu ári vegna Covid-19 en við vonumst til að þau komi núna um leið og staðan verður öruggari.

Afreksliðin okkar í boltagreinunum, knattspyrnu, körfubolta og handbolta gekk misvel á árinu. Við erum alveg með skýr markmið hvar við ætlum að vera en það er á meðal bestu liða landsins en það mun taka tíma og krefjast þess að við styrkjum stoðirnar sem reksturinn hvílir á og ekki síst að fá gott og metnaðarfullt fólk til að láta þetta verða að veruleika.

Sjálfboðaliðar og stjórnarfólk hafa allir staðið sig vel á árinu og sýnt að þeir hafa metnað og getu til að takast á við stór og smá verkefni, vinna úr þeim félaginu og sér til sóma. Mikið mæðir oft á formönnum deilda og vil ég þakka þeim sérstaklega fyrir óeigingjarnt og gott starf en án þeirra, annara stjórnarmanna og sjálfboðaliða yrði ekkert íþróttalíf sem við öll njótum á einn eða annan hátt. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum fyrir samstarfið á árinu, sérstaklega vil ég þakka samstarfsmönnum mínum fyrir mikinn áhuga og metnað fyrir hönd félagsins á þessu skrítna ári. Einnig vil ég þakka stjórnarfólki fyrir gott samstarf.

Á árinu hætti einn starfsmaður hjá félaginu, Zoran Stosic rekstrar- og vallarstjóri í Dalhúsum og vil ég þakka honum fyrir frábært starf fyrir félagið. Nýir starfsmemm

bætust í hópinn á árinu en það eru Íris Svavarsdóttir rekstrarstjóri í fimleikadeild, Aron Eyrbekk Gylfason sem rekstrar- og vallarstjóri í Dalhúsum og Eva Björg Bjarnadóttir verkefnastjóri í markaðs- og kynningarmálum. Ég vil þakka starfsfólki Knatthallarinnar fyrir gott samstarf á árinu.

Framundan hjá okkur er að koma félaginu í fullan gang aftur og fá börnin okkar og alla aðra iðkendur til að mæta í sína íþrótt og hefja nýja sókn við að efla og þróa félagið til að sinna sínu mikilvæga hlutverki í Grafarvogi og í austurborg Reykjavíkur.

#FélagiðOkkar

Guðmundur L Gunnarsson

Framkvæmdastjóri

BÓNUS

STYÐUR VIÐ FJÖLNI



AÐALSTJÓRN

Jón Karl Ólafsson

formaður

Ásta Björk Matthíasdóttir

meðstjórnandi

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir

meðstjórnandi

Guðlaug Björk Karlsdóttir

meðstjórnandi

Elísa Kristmannsdóttir

meðstjórnandi

Hreinn Ólafsson

meðstjórnandi

Jósep Grímsson

meðstjórnandi

STARFSMENN FJÖLNIS

Guðmundur L. Gunnarsson

Framkvæmdastjóri

Málfríður Sigurhansdóttir

Íþrótta- og félagsmálastjóri

Arnór Ásgeirsson

Markaðsfulltrúi

Ragnheiður G. Jóhannesdóttir

Bókari

Eva Björg Bjarnadóttir

Verkefnastjóri

Aron Eyrbekk Gylfason

Rekstrar- og vallarstjóri í Dalhúsum

Boban Ristic

Starfsmaður Dalhúsa

Margrét Björg Hallgrímsdóttir

Starfsmaður Dalhúsa

Íris Svavarsdóttir

Rekstrarstjóri fimleikadeildar

Gunnar Már Guðmundsson

Yfirþjálfari karla knattspyrnudeildar

Berglind Bjarnadóttir

Verkefnastjóri fimleikadeildar

Steinunn Sif Jónsdóttir

Verkefnastjóri fimleikadeildar

Arngrímur Jóhann Ingimundarson

Yfirþjálfari kvenna knattspyrnudeildar

Jónas Valgeirsson

Verkefnastjóri hópfimleika

SKIPULAG FÉLAGSINS



SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR

Jón Karl Ólafsson, formaður

Það er vægt til orða tekið, að árið 2020 hafi verið sérstakt ár. Það er í raun sama hvert er litið, að þá hefur Covid-19 litað allt okkar samfélag á algjörlega fordæmalausan hátt. Eins og við vitum öll, þá hefur þetta ástand haft gríðarleg áhrif á starfsemi íþróttafélaga eins og okkar. Æfingar og keppni hafa verið með hléum og endurskilgreina hefur þurft mikinn hluta af daglegum rekstri. Eins og staðan er núna glittir í bjartari tíma og vonandi kemst íþróttastarf í eðlilegt horf á ný.

Það er þó ljóst að árið 2021 verður einnig sérstakt ár og ekki er séð fyrir endann á fjárhagslegum afleiðingum á efnahagslíf þjóðarinnar. Þetta hefur að sjálfsögðu áhrif á rekstur íþróttafélaga. Við erum mjög háð samstarfi við atvinnulífið og styrkir og tekjur frá fyrirtækjum eru okkur mjög mikilvæg. Mörg fyrirtæki eru í mikilli óvissu um framtíðina og hvenær þau geta reiknað með, að tekjur þeirra færist aftur í eðlilegt horf. Ástandið er einna erfiðast í ferðaþjónustu, en fleiri atvinnugreinar eru í óvissu eins og staðan er. Það hefur því orðið erfiðara fyrir mörg fyrirtæki að styðja með sama hætti við íþróttastarf og það er óvissa um þróun þeirra mála á næstu misserum.

Árangur í afreksstarfi okkar hefur ekki verið með þeim hætti sem stefnt hefur verið að. Eflaust hefur staðan í þjóðfélaginu haft áhrif á keppnishald, en það er að sjálfsögðu sama sagan fyrir öll íþróttafélög. Margir meistaraflokkar Fjölnis áttu í erfiðleikum og enduðu tímabil með falli á milli deilda. Meistaraflokkar karla og kvenna í knattspyrnu féllu í lok tímabils. Meistaraflokkar karla í handknattleik og körfubolta féllu einnig úr deildum þeirra bestu. Það voru hins vegar einnig ljósir punktar, þar sem kvennalið okkar í körfubolta vann sig uppí deild hinna bestu á síðasta tímabili og þær hafa byrjað keppni þar frábærlega. Við höfum líka séð að lið okkar í íshokkí hafa verið að styrkjast og það er alveg raunhæft að reikna með titli þar hjá bæði körlum og konum á næstu árum. Afreksstarf í einstaklingsgreinum var líka erfitt vegna ástandsins.

Það er alveg ljóst hver stefna okkar er í afreksmálum. Við viljum vera meðal þeirra bestu í öllum greinum hjá félaginu og við viljum vera að horfa til þess að vinna stóra titla til félagsins innan fárra ára. Við stefnum beint upp aftur þar sem við fórum niður á síðasta ári. Þessu fylgir mikil vinna og ég vil hvetja okkar frábæra fólk áfram til dáða. Með samstilltu átaki mun þetta takast, um það er enginn vafi í mínum huga.

Aðstöðumál hjá félaginu hafa verið bætt mikið á undanförnum árum og ættu ekki að koma í veg fyrir góðan árangur í afreksstarfi. Það er þó enn verið að vinna í að finna endanlega lausn fyrir keppnisvöll fyrir knattspyrnu, þar sem aðstaðan við Extravöllinn uppfyllir ekki skilyrði KSÍ um aðstöðu í keppni í efstu deild. Það hefur verið rætt við yfirvöld um lausnir og það má segja að mál hafi tafist vegna faraldurs, en einnig vegna þess að árangur okkar á síðasta keppnistímabili endaði þannig, að við féllum úr deild hinna bestu. Kröfur eru heldur minni um keppnisaðstöðu í 1. deild. Það er þó ítrekað, að stefnan hjá félaginu er klár, þar sem við ætlum beint upp aftur. Viðræður halda því áfram við yfirvöld um lausnir og vonandi verða tillögur til lausnar tilbúnar fljótlega á þessu ári.

Fjárhagsstaða félagsins er nokkuð sterk í lok ársins 2020, þrátt fyrir erfiðleika vegna Covid-19. Yfirvöld hafa komið til móts við tekjutap íþróttafélaga, eins og margra fyrirtækja í landinu. Við náðum einnig að grípa hratt inn í og kostnaður var lækkaður alls staðar þar sem það var unnt. Starfsmenn félagsins og leikmenn sýndu stuðning í verki, þar sem samið var um hagræðingu, sem hjálpaði mikið til í erfiðri stöðu. Við förum því nokkuð sterk fjárhagslega inn í árið 2021 og horfum fram á bjartari tíð á næstu mánuðum og misserum.

Stefnumál og gildi

Við reynum að vinna stefnumótunarvinnu hjá Fjölni a.m.k. annað hvert ár. Samkvæmt þeirri stefnumótun sem er í gildi, skilgreinum við okkur sem fjölgreinafélag. Við höfum litið á það sem hlutverk félagsins, að skapa sem besta og fjölbreyttasta aðstöðu til íþróttaiðkunar í Grafarvogi fyrir iðkendur félagsins. Það er ekki hlutverk aðalstjórnar að ákveða hvaða íþróttagreinar eru stundaðar eða ekki hjá Fjölni. Aðeins hefur borið á því í umræðu á samfélagsmiðlum, að félagið ætti frekar að einbeita sér að því að efla

helstu keppnisgreinar í hópíþróttum og að árangur okkar í þeim greinum í dag líði fyrir það, að kraftar okkar eru of dreifðir. Þetta er áhugaverð umræða, en við ættum þá að taka þetta fyrir í breiðu samtali innan félagsins og gera í framhaldi breytingar á stefnu félagsins, ef aðilar eru sammála því að breyta gildandi stefnu. Deildum hefur þó í raun ekki verið að fjölga mikið á undanförnum árum. Starfsemi Bjarnarins sameinaðist félaginu fyrir rúmu ári og við erum nú með tvær glæsilegar skautadeildir innan okkar raða. Á móti hætti Taekwondo deild félagsins fyrir um 3 árum. Við erum því að vinna með 11 glæsilegar deildir hjá félaginu og ég er stoltur af hverri einustu deild sem starfar innan raða Fjölnis. Að mínu mati liggja gríðarleg tækifæri í stærð félagsins og við eigum að nýta þennan mikla auð sem félagið býr yfir með því að auka samstarf deilda eins og kostur er og reyna að fá alla iðkendur innan félagsins til að mæta á leiki og viðburði á vegum allra deilda hjá félaginu.

Kröfur hafa vaxið mjög til starfsemi íþróttafélaga. Þetta eru sjálfsögð verkefni eins og í jafnréttismálum, en einnig aga- og siðamálum. Við höfum svarað þessu að hluta með því vinna nokkuð ítarlegar siðareglur fyrir félagið og einnig erum við með skýra jafnréttisstefnu, sem unnið er eftir. Við höfum aukið samstarf við fagaðila á þessu sviði, þar sem starfsmenn okkar og sjálfboðaliðar hafa oft takmarkaða þjálfun og þekkingu á þeim málum, sem því miður geta komið upp í svo viðamikilli starfsemi. Það er ljóst, að þetta hefur valdið auknu álagi hjá mörgum minni íþróttafélögum og kemur að hluta inn í umræðu um framtíðarskipan íþróttamála. Ég hef oft áður rætt um það á þessum vetvangi, að það verður að opna umræðu um rekstrarforsendur íþróttafélaga, bæði vegna þessa og auk þess aukinna krafna og kostnaðar í afreksstarfi. Það virðast flestir vera sammála því, að á næstu árum verði breytingar á rekstrarformi margra félaga. Það hefur verið skoðun okkar, að heppilegast verði að sú umræða verði á meðal íþróttafélaganna sjálfra, þannig að unnið verði að stefnu, sem byggir á framtíðarsýn þeirra sem best þekkja til um rekstur félaganna. Það verður mun verra, ef stefnu verður þröngvað inn á félögin eftir forsendum annarra aðila.

Megingildi Fjölnis eru sem fyrr fjögur og ég vil hvetja alla iðkendur, starfsmenn, sjálfboðaliða og aðstandendur til að hafa þau að leiðarljósi í öllu starfi okkar hjá félaginu:



Fjölnir hefur vaxið mjög á undanförnum árum, en við erum þó aðeins að sjá fækkun í skráningu iðkenda eftir því sem liði hefur á þennan faraldur. Það má því bæði reikna með, að fjárhagur margra fjölskyldna sé í nokkurri óvissu, en auk þess hafa óreglulegar æfingar og sífelldar breytingar á sóttvarnarreglum ekki verið hvetjandi í starfinu. Félagið hefur verið mjög duglegt við að reyna að bjóða iðkendum heimaþjálfun og margir af þjálfurum okkar hafa unnið stórvirki í netþjálfun og öðrum nýjum leiðum. Það er þó alveg ljóst, að þetta kemur aldrei í stað æfinga og þess félagsstarfs sem felst í íþróttastarfi. Það er aldrei of oft bent á forvarnargildi íþróttastarfs. Það verður mjög mikið og verðugt verkefni að ná aftur til allra iðkenda og halda áfram að sjá félagið okkar vaxa og dafna á næstu árum.

Kynjahlutfall iðkenda hjá okkur er ótrúlega jafnt og við erum mjög stolt af þeim árangri. Við höfum einnig séð jafnara hlutfall kynja í stjórnum og ráðum hjá félaginu og er það í samræmi við stefnu félagsins. Félaginu er sem fyrr skipt í 11 deildir og fagleg vinna innan félagsins að mestu unnin í deildum Fjölnis og stjórnir deilda vinna þar frábært starf og bera auk þess ábyrgð á daglegum rekstri hverrar deildar fyrir sig. Meginverkefni aðalstjórnar eru fjármál félagsins í heild, stefnumótun og samræming starfseminnar. Aðstöðumál félagsins hafa einnig tekið mikið af tíma aðalstjórnar. Ég vil

fyrir hönd félagsins færa öllum þeim sem starfa fyrir félagið, starfsmönnum, stjórnarmönnum hjá deildum og öðrum sjálfboðaliðum okkar bestu þakkir fyrir framlag þeirra til Fjölnis.

Aðstöðumál

Eins og fram hefur komið, þá hafa aðstöðumál félagsins batnað mjög á undanförnum árum. Tilkoma Fjölnishallarinnar hefur gjörbreytt aðstöðu inniboltagreina og erum við nú í raun með 3 löglega keppnisvelli til æfinga hjá félaginu. Við munum að öllum líkindum fá áhorfendaaðstöðu í Fjölnishöllina seinna á þessu ári og þá mun keppnisaðstaða einnig verða mun betri en hún er í dag. Það er gríðarlegur fjöldi leikja og viðburða sem tengist starfsemi okkar og það mun verða mikil bót í því að fá fleiri valmöguleika til að setja upp leiki í öllum flokkum og greinum hjá okkur.

Enn er ekki endanleg lausn komin í samþykkta keppnisaðstöðu fyrir knattspyrnu hjá Fjölni. Eins og áður hefur komið fram, er enn verið að horfa til tveggja mögulegra kosta. Annar er að byggja aðstöðu við Extravöllinn við Dalhús. Sú framkvæmd yrði á vegum Reykjavíkurborgar og reiknað er með að slík fjárfesting gæti kostað á milli 500-1.000 milljónir. Hærri talan miðast við að lagður yrði gervigrasvöllur þar og síðan byggð stúka með tilheyrandi aðstöðu. Hinn valkosturinn er að byggja þessa aðstöðu við Egilshöll og tengja þannig betur saman meginstarfsemi félagsins. Tillögur um glæsilega uppbyggingu á svæðinu hafa verið sendar til borgarinnar og verður áhugavert að sjá hver viðbrögð verða. Eigandi Egilshallar, Reginn hf. býðst þar til að byggja glæsilega áhorfendaaðstöðu við knattspyrnuvöll, sem yrði tengd við fleiri íþróttatengd mannvirki, sem þeir hafa áhuga á að byggja á svæðinu. Í þessum tillögum er gert ráð fyrir að snúa núverandi gervigrasvelli og setja þar nýjan upphitaðan og upplýstan keppnisvöll. Þessi framtíðarsýn er mjög áhugaverð og ef hún gengur eftir verður svæðið við Egilshöll enn glæsilegra en áður. Kostir þessa svæðis eru nokkuð augljósir, þar sem næg bílastæði eru á svæðinu og þar er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu almannasamgangna á næstu árum. Það væri mjög áhugavert fyrir Fjölni, ef allir kappleikir og mót í hópgreinum á vegum félagsins gætu verið á einum stað, þar sem uppbygging er þegar mikil og

þjónustu við iðkendur, aðstandendur, starfsmenn og áhorfendur er eins og best verður á kosið.

Aðstaða fyrir skautaíþróttir er góð í Egilshöll og þar hefur nokkuð áunnist í viðhaldi og bættri aðstöðu á undanförnum mánuðum. Enn er þó eftir að klára framtíðarsýn fyrir Íssalinn og svæðið í kringum hann, sem gæti nýst betur fyrir starfsemi félagsins. Fimleikahöllin hefur áfram sannað gildi sitt enda ein glæsilegasta fimleikaaðstaða í borginni. Aðstaða fyrir frjálsar íþróttir hefur lagast mikið með tilkomu Fjölnishellisins í austurenda Egilshallar. Þar er loksins komin aðstaða, sem sérstaklega nýtist vel fyrir yngri iðkendur félagsins. Afreksfólkið okkar æfir hins vegar meira í Laugardal, með öðru afreksfólki í frjálsum íþróttum.

Aðstaða sunddeildar hefur ekki breyst á árinu, enda hafa litlar nýframkvæmdir verið í uppbyggingu sundlauga í nágrenni við okkur. Félagið hefur sent formlega beiðni um að af viðbótaraðstöðu í nýrri sundlaug í Úlfarsárdal, sem nú er í byggingu. Það hefur verið tekið nokkuð vel í þá umsókn, en það er ljóst að fleiri félög munu sýna því máli áhuga og því er aðeins of snemmt að segja til um árangur.

Engar breytingar hafa orðið á aðstöðu fyrir tennis og karate á árinu. Tennisfólkið okkar sækir æfingar að mestu í Kópavogi og Karatedeildin er enn með aðstöðu í kjallara Egilshallar. Það gætu skapast mjög áhugaverð tækifæri í aðstöðumálum þessara deilda, ef hugmyndir Regins um áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu við Egilshöll verða að veruleika. Í hugmyndum þeirra er verið að horfa til inniaðstöðu, sem gæti nýst fyrir tennis, klifur, strandblak, bardagaíþróttir og ýmsar fleiri greinar. Þetta skapar að sjálfsögðu mörg ný og spennandi tækifæri fyrir félagið okkar.

Áfram hefur verið unnið að stækkun á skrifstofuhúsnæði Fjölnis og í framhaldi af því til stækkunar á félagsaðstöðu, sem er tengd núverandi skrifstofu. Með tilkomu aðstöðu skrifstofunnar við inngang Egilshallar, hefur notkun á félagsaðstöðu aukist mjög og er það að sjálfsögðu hið besta mál. Við þurfum hins vegar stærra pláss og auk þess er aðstaða til fundarhalda að mestu sprungin nú þegar. Þetta samtal er komið langt á leið, en Covid-19 hefur í raun stöðvað allar slíkar framkvæmdir á síðasta ári. Við sjáum vonandi breytingar á þessu á árinu 2021.

Eins og fyrr er það fasteignafélagið Reginn sem á og rekur öll mannvirki í Egilshöll og leigir aðstöðuna til Reykjavíkurborgar fyrir íþróttastarf í borginni. Eins og fram kom að framan hefur Reginn áhuga á því að halda áfram uppbyggingu á mannvirkjum sem tengjast íþróttastarfi á næstu misserum og vonandi fæst niðurstaða fljótt í það, hvort þær hugmyndir ná fram að ganga. Við erum að vinna að því að tryggja félaginu fleiri tíma í knatthúsinu nú þegar verið er að byggja nokkur smærri knatthús víðar í borginni. Við sjáum það fyrir okkur, að knatthúsið verði að mestu nýtt undir æfingar hjá Fjölni. Við erum enn að stækka og eins og fram hefur komið í kynningum, þá er reiknað með fjölgun íbúa í og við Grafarvog með tilkomu nýrra íbúahverfa. Samstarf Fjölnis og Regins hefur verið mjög gott og ég vil enn og aftur nota tækifærið til að þakka Helga, Sunnu og öllu starfsfólki Regins fyrir frábært samstarf. Reginn er nú einn af stærri styrktaraðilum Fjölnis og fyrir það erum við þakklát.

Fjölnir og Borgarholtsskóli eru enn í góðu samstarfi á sviði íþróttamála. Skólinn nýtir íþróttamannvirki Grafarvogs til kennslu fyrir sína nemendur. Við höfum áhuga á því að auka þetta samstarf enn frekar og sjáum tækifæri bæði fyrir Fjölni og Borgarholtsskóla í slíku samstarfi. Við höfum bent á, að mögulega væri áhugavert að nýta hluta af fyrirhuguðum byggingum fyrir norðan Egilshöll fyrir framtíðaruppbyggingu skólans, til að tryggja enn betri samnýtingu á mannvirkjum í framtíðinni.

Það er rétt að ítreka, að eins og staðan er í dag er almennt aðstaðan til æfinga mjög góð hjá Fjölni. Þetta gleymist oft í daglegri umræðu hjá félaginu. Æfingasvæði félagsins í Dalhúsum er mjög gott og grassvæðið við Dalhús er eitt það besta sem völ er á í borginni. Eins og áður hefur komið fram, þarf að klára frekari uppbyggingu keppnisaðstöðu, sérstaklega fyrir knattspyrnu hjá félaginu. Það er líka rétt að benda á, að vegna meiri nýtingar við Egilshöll er þegar farið að bera á skorti á búningsklefum á svæðinu. Búningsklefar vilja oft verða afgangs þegar rætt er um aðstöðu. Þetta eru dýr mannvirki og það kostar líka mikið að reka og viðhalda þeim.

Starfsemi félagsins

Skipulag á daglegum rekstri félagsins er með svipuðum hætti og undanfarin ár. Innheimta iðkendagjalda og önnur innheimta fer öll fram í gegnum skrifstofu félagsins

og greiðsla allra reikninga, allra deilda fer einnig þar í gegn. Félagið hefur á að skipa frábæru starfsfólki, sem gegnir lykilhlutverki í rekstri félagsins. Framkvæmdastjóri félagsins er Guðmundur L. Gunnarsson, en hann sinnir einnig stöðu fjármálastjóra. Auk þess starfa á skrifstofunni Málfríður Sigurhansdóttir, sem er íþrótta- og félagsmálastjóri, Ragnheiður G. Jóhannesdóttir, sem sér um færslu á bókhaldi, Arnór Ásgeirsson, sem er í starfi markaðsfulltrúa Fjölnis og Eva Björg Bjarnadóttir, verkefnastjóri.

Gunnar Már Guðmundsson, yfirþjálfari karla hjá knattspyrnudeild, Arngrímur Jóhann Ingimundarson, yfirþjálfari kvenna hjá knattspyrnudeild, Íris Svavarsdóttir, rekstrarstjóri fimleikadeilda, Berglind Bjarnadóttir, verkefnastjóri fimleika, Steinunn Sif Jónsdóttir, verkefnastjóri fimleika og Jónas Valgeirsson, verkefnastjóri hópfimleika hafa einnig aðstöðu á skrifstofu félagsins í Egilshöll. Í Dalhúsum ræður nú ríkjum Aron Eyrbekk Gylfason, rekstrar- og vallarstjóri, en þar vinna einnig Boban Ristic og Margrét Björg Hallgrímsdóttir við hússtjórn og rekstur íþróttahússins í Dalhúsum, auk starfsmanna sem koma til tilfallandi starfa, sérstaklega yfir sumartímann.

Fjölnir er stór vinnustaður og auk fastra starfsmanna starfa reglulega um á bilinu 180-190 manns við þjálfun og önnur verkefni hjá hinum ýmsu deildum félagsins. Það verður seint fullmetið mikilvægi sjálfboðaliða í starfi félags eins og Fjölnir. Það er nær ómögulegt að vita með vissu hver fjöldi sjálfboðaliða er hverju sinni, en þeir hlaupa á hundruðum. Sjálfboðaliðar eru gríðarlega mikilvægir fyrir starfsemi Fjölnis. Það eru ótalin ársverk í mönnun stjórna deilda, meistaraflokksráða, barna- og unglingaráða, vinnuhópa eða mönnun hinna margvíslegu viðburða sem eru haldnir reglulega ávegum félagsins og öll þau ótal verkefni sem til falla við slíkan rekstur. Ég vil persónulega þakka öllum starfsmönnum og sjálfboðaliðum félagsins fyrir frábær störf þeirra og gott samstarf á árinu og á undanförnum árum. Án ykkar væri starf félagsins einfaldlega ómögulegt.

Í aðalstjórn Fjölnis starfsárið 2020 sátu: Jón Karl Ólafsson, formaður, Ásta Björk Matthíasdóttir, varaformaður, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, gjaldkeri, Jósep Grímsson, ritari, Hreinn Ólafsson, Guðlaug Björk Karlsdóttir og Elísa Kristmannsdóttir. Reglulegir stjórnarfundir eru haldnir mánaðarlega, fyrir utan það að frí er tekið í

júlímánuði. Ef sérstök mál koma upp, þá er boðað til aukafunda ef nauðsyn var. Vegna sérstakra aðstæðna á síðasta ári voru haldnir 14 bókaðir stjórnarfundir. Ég vil fá að þakka öllum meðstjórnendum mínum fyrir frábært samstarf og ómetanlega vinnu á árinu. Ásta Björk, Elísa og Hreinn hafa ákveðið að bjóða sig ekki fram til áframhaldandi setu sem aðalmenn í stjórn og mig langar til að þakka þeim sérstaklega fyrir frábært samstarf og störf þeirra í þágu félagsins.

Fjármál

Það er ljóst, að Covid-19 hefur haft mikil áhrif á rekstur íþróttafélaga, eins og annarra rekstraraðila á árinu 2020. Við urðum að bregðast mjög hratt við breyttu ástandi. Um leið og umfang áhrifanna urðu sjáanleg var ráðist í hagræðingar hjá félaginu. Starfsmenn og iðkendur brugðust vel við og það náðist að færa til starfshlutföll og draga þannig úr kostnaði. Starfsmenn lögðu sitt að mörkum og samningar margar voru endurskoðaðir. Þetta hjálpaði mikið og kom berlega í ljós, hve frábært teymi er hjá félaginu. Þegar í ljós fór að koma hve lengi þetta ástand er, komu stjórnvöld fram með úrræði, sem hafa nýst íþróttafélögum við að takast á við vandann. Það er rétt að þakka þessar aðgerðir, því að án þeirra hefði ástand flestra íþróttafélaga verið mjög erfitt. Það er einnig rétt að þakka iðkendum og aðstandendum þeirra, því að þeir hafa að mestu staðið með íþróttafélögum sínum, tekið þátt í fjaræfingum og beðið þess að starfsemi hefjist að nýju. Við höfum og munum áfram reyna að bæta iðkendum æfingarmissi, með því að bæta við tímum eins og kostur er, þegar takmörkunum er aflétt.

Afkoma ársins hjá Fjölni er því ótrúlega góð miðað við aðstæður. Reksturinn er í járnum og félagið hefur ekki verið að safna skulum eða auka skuldbindingar. Það er ljóst að starfsmenn félagsins og stjórnir deilda hafa unnið gríðarlega gott starf í erfiðum aðstæðum. Rekstur margra deilda var erfiður, en með átaki til lækkunar kostnaðar og síðan stuðningi frá ríki og borg hefur tekist að skila flestum deildum með viðunandi afkomu á árinu 2020. Fyrir frekari skýringar og upplýsingar vil ég vísa í sundurliðaða reikninga og skýringar hér í ársskýrslu félagsins. Það er rétt að ítreka, að hagnaður er ekki meginmarkmið í rekstri félagsins. Það kemur fram í stefnumótun okkar, að við

viljum stunda það sem við köllum „ábyrga fjármálastjórn“. Það er alveg ljóst að sú stefna hefur hjálpað til við að bregðast við afleiðingum faraldursins. Við höfum áður rætt hér um auknar áskoranir sem við er að glíma í rekstri íþróttafélaga, sérstaklega hvað varðar afreksstarf félaganna. Kostnaður hefur hækkað undanfarin ár á sama tíma og kröfur hafa vaxið um fagmennsku. Það er nú rætt víða um hvort að við séum tilbúin til að stíga það skref að taka upp atvinnumennsku, a.m.k. að hluta í knattspyrnu. Það mun reynast flestum íþróttafélögum ærið verkefni að fjármagna slíkt skref. Samtöl um aukið samstarf félaga, eða jafnvel sameingingar hafa lítinn árangur borið. Við stöndum því enn á nokkrum tímamótum og ég tel einsýnt, að auka verður kraft í þessu samtali íþróttafélaga. Það er mun betra að forráðamenn íþróttafélaga ræði slík mál opinskátt, frekar en að félögin neyðist til breytinga, sem hugsanlega væru ekki til hagsbóta fyrir íþróttamál til framtíðar.

Markmið okkar er sem fyrr hallalaus rekstur. Við teljum daglegan rekstur skilvirkan og vel er fylgst með þróun tekna og gjalda í hverri deild. Fjármálum almennt er stýrt frá skrifstofu félagsins og þar í gegn fer sem fyrr öll innheimta fyrir allar deildir og greiðsla allra reikninga Fjölnis.

Samningar Fjölnis við Reykjavíkurborg eru að renna út og þegar er unnið að endurnýjun samninga. Við Fjölnismenn höfum bent á, að stærð félagsins okkar endurspeglar ekki framlag til reksturs félagsins að fullu. Unnið er að endurskoðun á þessum málum í heild hjá borginni. Það eru einnig framundan uppbygging á nýjum hverfum í og við Grafarvog. Það verður mjög áhugavert að sjá hvernig íþróttamálum verður sinnt í þessum nýju hverfum. Við höfum þegar lýst áhuga félagsins til að koma að því að bjóða þjónustu í þeim hverfum sem næst okkur liggja. Vonandi verður hægt að ganga frá nýjum samningi við borgina um starf félagsins fljótlega á þessu ári og við vonumst til, að ný hverfi muni skapa félaginu sóknarfæri á næstu misserum

Daglegur rekstur deilda félagsins eru í höndum deildarstjórna deilda og þeirra sem þar vinna í ráðum og nefndum. Afreksstarf tekur sem fyrr mikinn tíma af stjórnarmönnum flestra deilda félagsins og þar er fjármögnun starfsins oft mesta og erfiðasta verkefnið. Rekstur yngri flokka er alls staðar til fyrirmyndar og stendur sá rekstur undir sér hjá

öllum deildum félagsins. Við leggjum mikið uppúr því að halda ungmennastarfi og afreksstarfi fjárhagslega aðskildu, eins og lög gera ráð fyrir. Það er auðlind félagsins að fá alla þessa sjálfboðaliða til starfa hjá deildunum og án ykkar væri þessi starfsemi einfaldlega ekki möguleg. Þetta getur verið mjög misskemmtilegt, sérstaklega þegar rekstur er erfiður og árangur ekki í takt við væntingar. Það er seint hægt að fullmeta framlag sjálfboðaliða og ég vil ítreka þakkir til ykkar allra sem leggja slíkt starf á ykkur og oft ykkar nánustu í leiðinni. Starfið okkar byggir mikið á persónulegum tengslum við fyrirtæki og ég vil hvetja fyrirtæki og þá sem þeim tengjast til að koma og aðstoða okkur enn frekar í þessum málum, stuðningur allra við félagið er ómetanlegur og gríðarlega mikilvægur fyrir daglegt starf.

Rekstur körfuknattleiksdeildar hefur verið nokkuð þungur síðustu misserin. Karlalið félagsins féll úr deild þeirra bestu á síðasta ári. Stefnan hefur verið tekin beint upp, þar sem félagið á að sjálfsögðu að vera. Liðið er byggt upp af ungum og efnilegum leikmönnum, sem flestir eru uppaldir hjá félaginu. Það var vitað, að það gæti tekið tíma að byggja upp sterkt lið og þegar þetta er ritað hefur liðinu gengið misvel í 1. deild og það verður að koma í ljós, hvort að markmið um að vinna sig upp um deild næst á árinu. Kvennaliðið okkar í körfu hefur blómstrað og vann sig upp um deild á síðasta ári. Liðið hefur farið vel af stað í deild hinna bestu og virðist vera að ná að fóta sig sem verðugur keppinautur um titla á næstu árum. Ungmennastarf gengur vel og hefur bætt aðstaða greinilega skilað árangri. Stefna okkar er einföld, við eigum alltaf að stefna að því að eiga lið á meðal hinna bestu, bæði í karla og kvennaliðum í körfu.

Rekstur handknattleiksdeildar hefur einnig verið nokkuð þungur eins og undanfarin ár. Karlalið okkar féll úr deild þeirra bestu á síðasta ári. Við hefur tekið uppbyggingarfasi, þar sem mikið er byggt á ungum, uppöldum leikmönnum. Liðið verður mjög líklega í mikilli baráttu um að komast aftur í úrvalsdeild, þar sem liðið á að sjálfsögðu heima. Kvennaliðið okkar náði ekki að tryggja sér sæti í úrvalsdeild á síðasta ári. Samningar voru gerðir við Fylki um samstarf í meistaraflokkum kvenna í handknattleik og er leikið undir merkjum Fjölnir/Fylkir. Liðinu hefur ekki gengið eins vel í 1.deild á þessu ári og barátttan um sæti í úrvalsdeild á næsta ári verður líklega erfið. Við verðum að tryggja

meiri stöðugleika hjá liðunum okkar, við höfum verið að fara mikið á milli deilda á undanförnum árum. Við höfum séð nokkra fjölgun í yngri flokkum, þannig að við sjáum fram á efnilega leikmenn í framtíðinni. Þetta eru skemmtileg verkefni, sem stjórn deildarinnar mun eflaust vinna í á næstu misserum.

Rekstur knattspyrnudeildar var einnig þungur á síðasta ári. Karlalið okkar féll því miður úr Pepsídeildinni á síðasta ári og mun því leika í 1. deild á þessu ári. Stefnan er sem fyrr einföld, við stefnum einfaldlega aftur í deild hinna bestu, þar sem félagið á að sjálfsögðu heima. Það verður gaman að fylgjast með liðinu í sumar. Sem fyrr er liðið byggt mikið á uppöldum Fjölnismönnum, en við höfum einnig fengið til liðs við okkur reyndari leikmenn, sem eflaust munu koma með reynslu og kraft inn Seí liðið. Kvennaliðið okkar lenti einnig í vanda í 1. deild á síðasta ári og endaði með því að missa sæti sitt í þeirri deild. Liðið mun því leika í 2. deild á þessu ári. Það er mikið verkefni framundan við að byggja áfram upp gott lið í kvennaknattspyrnu. Við eigum mikið af ungum og efnilegum leikmönnum, sem hafa haldið tryggð við félagið og hlutu góða reynslu á síðasta ári, sem mun nýtast til að vinna sig aftur upp um deild.

Rekstur fimleikadeildar var góður á síðasta ári og náðust aftur nokkuð góð tök á rekstrinum, þrátt fyrir ýmsan vanda vegna faraldursins. Bætt aðstaða hefur gjörbreytt starfi deildarinnar og við erum að sjá fleiri afreksmenn í fimleikum hjá félaginu. Eins og oft vill vera kallar aukið afrekstarf á nýjar áskoranir. Við höfum hins vegar frábæran grunn og frábæra aðstöðu til að byggja á, þannig að framtíðin er björt.

Rekstur sunddeildar félagsins gekk nokkuð vel á árinu. Eftir nokkuð erfiðan rekstur á árinu 2019 hefur tekist að snúa dæminu við. Eins og fram hefur komið fyrr, þá hefur félagið sótt um aukna aðstöðu í nýrri sundlaug, sem nú er í byggingu í Úlfarsárdal. Aðstaða okkar í Grafarvogslaug er löngu sprunginn og mun ný aðstaða skapa tækifæri, ef hún næst til okkar. Sem fyrr, þá æfir afreksfólk okkar og eldri iðkendur í sundi mest í Laugardalslaug

Rekstur frjálsíþróttadeildar gekk nokkuð vel á síðasta ári og starfið í deildinni er blómlegt. Bætt aðstaða í Egilshöll hefur þegar skapað tækifæri í starfi deildarinnar.

Tennisdeildin hefur starfað lengi hjá Fjölni og afkoma deildarinnar er í járnum. Aðstöðumál eru þar einnig ofarlega á baugi. Ef hugmyndir Regins um uppbyggingu við Egilshöll ná fram að ganga, þá gætu skapast áhugaverð tækifæri þar á næstu árum.

Karatedeildin er í fínum gangi og rekstur þar er í góðu jafnvægi. Eins og áður hefur komið fram, hafa aðstöðumál takmarkað stækkunarmöguleika deildarinnar, en þar er einnig horft til framtíðarhugmynda um uppbyggingu við Egilshöll.

Skákdeild er rekin í góðu samstarfi við Helga, fyrrverandi skólastjóra Rimaskóla og er rekstur og aðstaða deildarinnar í Rimaskóla til mikillar fyrirmyndar.

Rekstur í íshokkídeild og listskautadeild gekk nokkuð vel á síðasta ári. Í íshokkídeild er rekstur meistaraflokka umfangsmikill og eins og hjá öðrum deildum er það ákveðin áskorun. Í listskautadeild eru iðkendur á öllum aldri og á félagið fulltrúa í efstu flokkum og landsliði Íslands. Við sjáum mikla framtíð í rekstri skautadeilda hjá Fjölni og væntum þess, að félagið verði í baráttu um verðlaun þar innan mjög skamms tíma.

Til að fá frekari upplýsingar um starf einstakra deilda er vísað í ítarlegar ársskýrslur stjórna deildanna, sem fylgja hér með. Þar er farið vel yfir helstu atriði í starfsemi allra deilda hjá félaginu.

Afkoma aðalsjóðs var í jafnvægi á árinu 2020 eftir nokkuð erfiðan rekstur á árinu 2019. Hlutverk aðalsjóðs er sem fyrr fyrst og fremst að jafna sveiflur í rekstri deilda. Framlög og styrkir frá opinberum aðilum vegna faraldurs fóru að mestu í gegnum aðalsjóð og var hann síðan nýttur til að jafna rekstur deilda í samræmi við umfang þeirra og það tekjutap sem deildir urðu fyrir vegna áhrifa COVID 19. Framkvæmdastjóri félagsins mun fara nánar yfir reikninga og skýringar við þá.

Styrktaraðilar

Miklar breytingar hafa orðið á styrkjum frá fyrirtækjum á undanförnum árum. Nú er ekkert fyrirtæki sem er skilgreint sem aðalstyrktaraðili félagsins. Aðalstyrktaraðilar náðu áður til allra deilda félagsins og bundu hendur deilda um samninga við fyrirtæki í sambærilegum rekstri. Helstu styrktaraðilar okkar hafa haldið tryggð við okkur, en hafa breytt samningum sínum við félagið. Nú hafa bæði N1 og Bónus valið, að styðja

myndarlega við bakið á ákveðnum deildum, en eru ekki lengur skilgreind sem styrktaraðilar við félagið í heild. Nokkur ár eru síðan Landsbankinn hætti beinum stuðningi við félagið. Félagið er sem fyrr mjög háð aðstoð frá atvinnulífinu og það er ljóst, að mörg fyrirtæki eru að styðja myndarlega við rekstur hinna ýmsu deilda hjá Fjölni. Sá stuðningur verður seint að fullu metinn. Mig langar að þakka forráðamönnum allar fyrirtækja og félaga sem með einum eða öðrum hætti styðja við rekstur hjá okkur kærlega fyrir hjálpina og vil hvetja alla áfram til að koma með eins myndarlegum hætti og mögulegt er til aðstoðar daglegum rekstri.

Það er ljóst að það starf sem unnið er í íþróttafélögum er besta forvarnarstarf sem mögulegt er og ætti vel að samrýmast öllum stefnum og leiðum fyrirtækja til samfélagslegrar ábyrgðar. Þar sem Bónus og N1 eru enn okkar stærstu styrktaraðilar, þá vil ég þakka þeim fyrirtækjum sérstaklega fyrir aðstoðina. Ég vil líka nefna sérstaklega Ferðaskrifstofuna Vita, sem styður vel við knattspyrnudeild, Fasteignasölu Grafarvogs, AB varahluti, Bílalind og Innnes, Akstur & köfun, Byko, Madenta og Olís kom inn á ný þegar þeir styrktu Fjölnishlaupið glæsilega. Ég vil einnig draga sérstaklega fram Ölgerð Egils Skallagrímssonar, sem aðstoðar okkar mjög veglega í flestum deildum og Reginn, sem eins og áður hefur komið fram vinnur með okkur í Egilshöll og félagið hefur stutt vel við rekstur Fjölnis.

Daglega starfið

Það er mikil vinna sem fylgir rekstri á íþróttafélagi eins og félaginu okkar. Aðalstjórn ber ábyrgð á heildarrekstri félagsins og vinnur náið með starfsmönnum skrifstofunnar. Í aðalstjórn er fjallað um fjármál félagsins, aðstöðumál, stefnumótun og áætlunargerð, auk fleiri tilfallandi verkefna. Faglegu starfi allra deilda er samkvæmt skipulagi stýrt af stjórnum þeirra og þær eru einnig ábyrgar fyrir daglegu starfi deildanna. Kröfur til starfsmanna okkar og sjálfboðaliða eru miklar og höfum við á undanförnum árum sett félaginu siðareglur til að ramma þá vinnu inn eins og unnt er. Aga- og siðamál eru ofarlega í umræðunni og auk þess höfum við unnið bæði jafnréttisstefnu og heilsufarsstefnu fyrir félagið. Ég vil hvetja alla til að kynna sér þessar stefnur, en þær má nálgast á heimasíðu félagsins fjolnir.is.

Á undanförnum árum hafa ýmsir viðburðir á vegum félagsins orðið stærsta fjáröflun þess. Fyrst ber þar að nefna Þorrablót Grafarvogs, sem á nokkru árum hefur orðið eitt af stærstu þorrablótum í heimi. Auk þess hefur Októberfest Grafarvogs verið vaxandi og auk þess hafa „hefðbundnir“ viðburðir eins og herrakvöld og konukvöl verið að skila félaginu nokkrum tekjum. Það er ljóst, að Covid-19 setur hér mikil strik í reikninginn og stefnir í mikið tekjutap hjá Fjölni, ef ekki verður unnt að endurvekja þessa viðburði hratt og örugglega þegar um hægist.

Stefnt var að Októberfest í september á síðasta ári, en vegna samkomutakmarkanna var ekki unnt að halda þá skemmtun með hefðbundnum hætti. Gripið var til þess ráðs að vera með netviðburð, þar sem velunnurum félagsins bauðst að fá mat sendan heim og síðan var tónleikum frábærra tónlistarmanna streymt frá Egilshöll. Viðburðurinn sem slíkur tókst vel og ég vil þakka öllum þeim sem tóku þátt, bæði í undirbúningi og vinnu, en ekki síður þeim sem keyptu aðgang að streyminu. Það er þó ljóst, að þessi viðburður var langt frá því að verða tekjulind fyrir félagið, sérstaklega í samanburði við hefðbundna viðburði, þar sem fólk kemur saman sér til skemmtunar.

Það sama á við um Þorrablótið, sem er að sjálfsögðu stærsta fjáröflunin. Við höfum ekki gefið upp alla von um að það takist að vera með stóran viðburð á vegum félagsins þegar um hægist í vor, eða jafnvel sumar. Það verður væntanlega ekki reynt að halda þorramat þar til streitu, en við munum reyna að standa fyrir fögnuði, þegar slíkt verður

heimilað. Vonandi verða allir tilbúnir í slíkt, þar sem bæði við sem einstaklingar þurfum á því að halda vegna þess sem á undan er gengið, en ekki síður vegna þess að félagið okkar þarf á því að halda til fjáröflunar fyrir starfi félagsins. Ég vil hvetja alla til að svara kallinu þegar það kemur og við ætlum að sjá til þess, að þessi viðburðir verði árlega á sínum stað í framtíðinni, okkur og félaginu okkar til hagsældar.

Eins og fram kom í ársskýrslu fyrir 2019, þá er Fjölnir ekki lengur beinn aðili að UMFÍ, þar sem ÍBR hefur formlega orðið hluti af því félagi. Við erum því áfram aðilar að UMFÍ, en í gegnum aðild okkar að ÍBR. Við höldum þó sérsamningi um skiptingu Lottótekna, þar til heildarendurskoðun verður gerð á þeirri úthlutun. Ekkert liggur fyrir um slíka endurskoðun, enda sem fyrr skiptar skoðanir um þau mál á meðal félaga.

Verkefnin framundan

Það er ljóst, að það er mikil vinna framundan við að koma starfsemi í eðlilegan gang eftir að þessi Covid-19 faraldur verður að baki. Vonandi verður það fljótlega, en auðvitað er það þannig, að það er erfitt að spá fyrir um næstu misseri. Við höfum aðeins séð samdrátt í skráningu iðkenda hjá okkur og við höfum af því ákveðna áhyggjur. Við verðum öll að vinna að því að hvetja alla til að taka þátt í íþróttastarfi félagsins, því að það er margsannað að betra forvarnarstarf er einfaldlega ekki til. Þegar langt hlé er á æfingum má reikna með því að það geti verið erfitt fyrir marga að koma sér aftur af stað. Íþróttastarf krefst mikilla fórna og við verðum að hvetja okkar fólk eins og hægt er til að hefjast handa um leið og slíkt verður fært.

Fjölnir skilgreinir sig sem íþróttafélag Grafarvogs og við viljum þjóna hverfinu okkar og nærumhverfi á sem bestan hátt. Félagi bíður mjög fjölbreytta þjónustu í hverfinu og allir eiga að geta fundið sér íþróttastarf við hæfi undir merkjum félagsins. Við þurfum stuðning frá hinum íbúum í hverfinu okkar og ég vill enn og aftur hvetja alla til að fylgjast með og til þátttöku í þeim viðburðum sem eru á vegum félagsins. Það hefur mikið áunnist í aðstöðumálum, en það eru enn mörg stór og skemmtileg verkefni þar framundan á næstu misserum. Hverfið okkar er líka að vaxa og það skapar nýjar áskoranir fyrir okkur á næstu árum. Fjölnir ætlar sér að taka þátt í því uppbyggingarstarfi og býður fram þjónustu til þeirra sem vilja nýta hana.

Kröfur til starfsemi félagsins eru alltaf að vaxa. Við viljum að vel menntaðir og hæfir þjálfarar vinni með börnum og afreksfólki okkar. Við höfum á að skipa gríðarlega góðum hópi starfsmanna, þjálfara og sjálfboðaliða, sem vinna mikla vinnu fyrir Fjölni. Ég hef verið svo heppinn að vera formaður félagsins frá árinu 2009 og hef verið í stjórn frá árinu 2005. Þetta hefur verið skemmtilegur tími og félagið hefur vaxið mjög og dafnað í gegnum árin. Það fer eflaust að koma tíma í breytingar í yfirstjórn hjá félaginu. Ég hef hins vegar fengið mikla hvatningu, og hef því ákveðið að bjóða enn fram krafta mína til formennsku fyrir næsta starfsár og ef það verður þegið þá hlakka ég til áframhaldandi samstarfs um uppbyggingu á Fjölni - #FélaginuOkkar.

Fjölnismenn og konur er glæsilegur hópur og þar að auki búum við í besta hverfinu í Reykjavík. Framtíð Fjölnis er björt – **áfram FJÖLNIR**.

Jón Karl Ólafsson

formaður Fjölnis

FERSK UPPLIFUN
WRIGLEY'S
Extra
WHITE
SWEET MINT
x21
XYLITOL
WRIGLEY'S
Extra®
FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

PUNKTAR PENINGAR

Punktar & Peningar

Nú geturðu notað margfalt fleiri **Vildarpunkta**
þegar þú bókar ferð í sólríka paradís.

Flogið er með **Icelandair.**
VITA er hluti af **Icelandair Group.**

vita

FIMLEIKAR

Á aðalfundi fimleikadeildarinnar 19. febrúar 2020 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Gunnar Bjarnason, formaður
- Heiðbjört Ófeigsdóttir, varaformaður
- Helga Ásdís Jónasdóttir, gjaldkeri
- Álfheiður Sif Jónasdóttir, ritari
- Alexander Þórsson, meðstjórnandi
- Guðný María Höskuldsdóttir, meðstjórnandi

Ávarp formanns

Það má segja að árið 2020 hafi verið eitt það skrítnasta sem undirritaður man eftir. Ár sem einkenndist af litlu sem engu mótahaldi, takmörknum í íþróttastarfi og voru fimleikar þar heldur betur ekki undanskildir. Starfið lá niðri í einhverjar 12-13 vikur á

árinu 2020 og hittust þjálfarar og iðkendur rafrænt sem er líklega í fyrsta skipti í sögunni. Á endanum gekk það ágætlega eftir allt þótt að fáir hefðu viljað vera í þessari stöðu. Iðkendafjöldinn dróst mikið saman á milli ára og þótt megi kenna þessum blessaða faraldri um þá þurfum við að reyna að finna leið til að fjölga iðkendum aftur.

Samsetning starfsmanna- og þjálfarahóps deildarinnar er eitthvað sem er undir stöðugri skoðun. Þar reynum við að ná góðri blöndu og samsetning af fastráðnum og hlutastarfsmönnum. Okkar elstu iðkendur hafa í gegnum tíðina tekið að sér þjálfun á yngri iðkendum og hefur það mælst vel fyrir. Iðkendur fá þá að vera nærri sínum fyrirmyndum hjá fimleikadeildinni.

Eitthvað var um mót að vanda í byrjun árs en áður en faraldurinn skall á var keppt en þegar lokanirnar skullu á okkur þann 13. mars var eðli málsins samkvæmt ekkert um mótahald.

Íris Svavarsdóttir var ráðin sem rekstarstjóri á árinu. Hún byrjaði í maí og hefur staðið vaktina eins og herforingi síðan þá og erum við þakklát að hafa náð að krækja í hana!

Vorsýningu var frestað og ég efast ekki um að við munum sjá ennþá stórkostlegri vorsýningu þegar við fáum að hleypa fólki í salinn enda hefur þetta verið fastur liður hjá Grafarvogsbúum í mörg ár.

Um leið og ég þakka iðkendum, þjálfurum, stjórn og öðrum starfsmönnum fyrir þetta skrítna og öðruvísi ár vil ég nota tækifærið og þakka sérstaklega þeim sjálfboðaliðum sem hafa komið að starfi fyrir fimleikadeildina undanfarin ár. Án sjálfboðaliða er þetta ekki hægt.

Undirritaður hefur verið í stjórn síðan vorið 2018 og tók við sem formaður í lok árs 2019. Ég hef ákveðið að stíga til hliðar sem formaður en mun sitja í stjórn verði ekki slegist um sætin þar.

Ég hvet alla til að taka þátt í starfi deildarinnar því eins og áður sagði er þetta mjög gefandi starf og frábær vettvangur til að taka þátt í starfi deildarinnar með börnunum sínum. Börnin hafa mjög gaman af því að skottast í kringum foreldrana þegar verið er

að vinna að málefnum deildarinnar og þá sérstaklega þegar kemur að því að vinna á mótum - hvort sem er í sjoppu - miðasölu eða verðlaunaafhendingu.

Áfram fimleikar – Áfram Fjölnir

Gunnar Bjarnason, Formaður.

Fimleikadeild Fjölnis var formlega stofnuð í maí 2002 en hafði starfað undir almenningsdeild Fjölnis frá haustinu 2001. Fimleikadeildin hefur verið sú fjölmennasta innan Fjölnis og hefur vaxið hratt undanfarin ár eins og sjá má á iðkendafjölda síðustu ára.

Árangur iðkenda stefndi í að verða glæsilegur því að val í landslið eða undirbúningshópa telst alltaf til afreks. Til að mynda þá voru þrjár stúlkur valdar í hópfimleikalandslið Íslands – Kristín Sara Stefánsdóttir (blandað lið fullorðinna), Sunna Lind Bjarkadóttir (stúlknalið) og Guðrún Hrönn Sigurðardóttir (blandað lið unglinga).

Sigurður Ari Stefánsson var valinn í úrvalshóp drengja og var valinn til að taka þátt í Berlin Cup.

Að vanda þá vinna þjálfarar mikið uppbyggingastarf með yngri hópa deildarinnar og verður ánægjulegt að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Fimleikar fyrir alla

Leikskólahópar

Sunnudagsmorgnar voru áfram tileinkaðir yngstu kynslóðinni. Bangsar, kríli, og stubbar eru krakkar á aldrinum 2 - 4 ára sem gera fjölbreyttar fimleikaæfingar með stuðningi foreldra sinna. Frábært utanumhald þjálfara með góðu skipulagi hefur skilað sér í aukinni aðsókn og ánægju foreldra með starfið fyrir þennan aldurshóp.

Byrjendahópar

Áfram voru teknir inn iðkendur í svokallaða byrjendahópa. Með þessu fyrirkomulagi náum við að bjóða iðkendum 8 ára og eldri fyrr pláss hjá deildinni. Þessir iðkendur geta síðan valið sér fimleikagrein að loknu einu ári í byrjendahóp.

Æfingahópar

Áfram viljum við fjölga í æfingahópum okkar. Við teljum mikilvægt að iðkendur sem hafa ekki áhuga á því að stunda keppni hafi tækifæri til þess að njóta þess að stunda fimleika á sínum forsendum og hraða.

Parkour

Áhugi fyrir parkour heldur áfram að aukast. Boðið er upp á æfingar fyrir byrjendur og þá sem eru lengra komnir sem er ánægjulegt. Þjálfararnir hafa haldi vel utan um hópana.

Fullorðinsfimleikar

Fimleikaæfingar fyrir fullorðna héldu áfram tvisvar sinnum í viku.

Leikfimi 60+

Samstarfi við Korpúlfa var haldið áfram enda hefur það gefist mjög vel. Fjölgað hefur í hópnum og mikil ánægja er með fyrirkomulag og æfingar leikfimishópsins. Hópurinn hefur þó verið í dvala mestmegnis af 2020 en hann mun bíða af sér Covid-19. Æfingar munu hefjast um leið og færi gefst.

Grunnfimleikar

Fjölmennur hópur stúlkna og drengja stundaði æfingar í svokölluðum grunnfimleikum en það er upphaf fimleikaiðkunar. Iðkendur stunda æfingar þar í þrjú ár eða frá 5-7 ára aldri. Þar kynnast þau æfingahringjum, læra að fara eftir munnlegum og sýnilegum fyrirmælum þjálfara, auka líkamsvitund og líkamsstöður, kunna helstu heiti grunnæfinga og þekkja fimleikaáhöldin. Innan grunnfimleika eru hópar sem eru svokallaðir hraðferðarhópar en þar æfðu iðkendur sem voru tilbúin að takast á við töluvert krefjandi æfingar, lengri æfingatíma og hraðari yfirferð.

Grunnfimleikar skiptast í eftirfarandi hópa:

- Grunnhópar yngri 5-6 ára
- Grunnhópar eldri 6-7 ára
- Framhaldshópar 7-8 ára
- Hraðferð 5-8 ára
- Áhaldafimleikar

Stúlkur og drengir frá 8 ára aldri æfðu áhaldafimleika og kepptu eftir reglum fimleikastigans á ýmsum fimleikamótum yfir árið.

Hópfimleikar

Stúlkur og drengir frá 8 ára aldri æfðu hópfimleika og keppa eftir reglum code of points á ýmsum fimleikamótum yfir árið (að undanskildu 2020). Iðkendum fjölgaði mikið á árunum 2015 – 2019 en hefur fækkað í ár. Þjálfarahópurinn hefur breyst lítilega, inn hafa komið ungir og efnilegir þjálfarar og hefur mikil samvinna þjálfarateyma skilað mjög góðum árangri.

Sumaræfingar

Önnin hefur verið lengd hjá keppnishópum og í stað sumaræfinga áður þá er einungis frí í þeim hópum í júlí mánuði. Árið 2020 var komið til móts við iðkendur til að bæta upp lokanir að hluta með því að lengja önnina um tvær vikur inn í júlí. Mörgum iðkendum fer fram á sumarmánuðum því þá gefst oft tækifæri til þess að prófa nýjar æfingar. Þjálfarar voru duglegir að breyta hefðbundnum æfingum í skemmtilega útiveru, sundferðir og fleira.

Sumarfrístund

Samstarf við Gufunesbæ hélt áfram og var boðið upp á heilsdagsnámskeið í frístund og fimleikum fyrir 6-8 ára börn. Frístundaheimilin voru með dagskrá fyrir hádegi og fimleikadeildin með æfingar eftir hádegi.

Íþróttafólk fimleikadeildar

Kristín Sara Stefánsdóttir var valin fimleikakona Fjölnis 2020, en um áramótin lagði hún gallann á hilluna. Í haust hóf hún nám í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og óskum við henni velfarnaðar í náminu. Deildin fær þó enn að njóta krafta hennar sem þjálfara og við reiknum ekki með öðru en hún eigi eftir að standa sig vel í því starfi með náminu.

Sigurður Ari Stefánsson var valin fimleikamaður Fjölnis 2020. Hann hefur í gegnum tíðina staðið sig vel og var til að mynda í úrvalshóp drengja af Fimleikasambandi Íslands og var valinn til að taka þátt í Berlin Cup.

Fimleikasambandsmót

Mótaskrá fimleikasambandsins var þéttskipuð af mótahaldi. En keppnistímabilið átti að hefjast að hausti og ljúka með Íslandsmótum í mars, apríl og maí. Deildin hefði átt iðkendur á öllum mótum.

Deildin átti einnig að halda mót á árinu og var undirbúningar hafinn fyrir sjónvarpsútsendingu á Íslandsmóti sem átti að vera í Egilshöllinni í mars 2020. En sökum Covid-19 var allt mótahald stöðvað í mars og var ekki keppt meira á árinu.

Skrifstofa og þjálfarar

Nokkrar breytingar urðu á starfsfólki á árinu. Þann 1. maí byrjaði Íris Svavarsdóttir sem rekstrarstjóri fimleikadeildarinnar. Stjórnin er þakklát fyrir að hafa náð að krækja í hana. Hún þekkir fimleika út og inn og hefur verið í ýmsum stöðum innan hreyfingarinnar í mörg ár. Nú síðast sem verkefnastjóri hjá Fimleikasambandi Íslands. Þjálfarar deildarinnar eru 25, þar af 11 fastráðnir og til viðbótar erum við með 23 aðstoðarþjálfara. Eitthvað var um þjálfaraskipti og í grunninn er þetta góður hópur sem vinnur samstillt að þeim verkefnum sem upp koma.

Að lokum viljum við í stjórn fimleikadeildarinnar þakka öllum þjálfurum, starfsfólki og ekki síst iðkendum fyrir dugnað og metnað til að ná árangri síðastliðið ár. Góð samvinna allra er lykillinn að farsælu starfi deildarinnar. Að auki þökkum við öllum sjálfboðaliðum sem komið hafa að starfinu með einum eða öðrum hætti sl. ár fyrir þeirra störf. Við viljum einnig hvetja sem flesta foreldra að taka þátt í gefandi starfi deildarinnar. Deildinni óskum við velfarnaðar á nýju ári og horfum bjartsýn fram á nýtt fimleikaár í Fjölni.

Áfram Fjölnir.

FRJÁLSAR

Ársskýrsla Frjálsíþróttadeildar Fjölnis fyrir starfsárið 2020.

Á aðalfundi frjálsíþróttadeildarinnar 17. febrúar 2020 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Þorgrímur H. Guðmundsson, formaður
- Ágúst Jónsson, varaformaður
- Valgerður Sigurðardóttir, gjaldkeri
- Auður Ólafsdóttir, ritari
- Hreinn Ólafsson, meðstjórnandi
- Hjörvar Pétursson, meðstjórnandi
- Björn Júlíus Grímsson, meðstjórnandi
- Bragi Birgisson, meðstjórnandi

Þær breytingar urðu á stjórninni að Björn Júlíus Grímsson og Bragi Birgisson komu inn í stjórnina og voru þeir boðnir velkomnir til starfa. Í stjórn FÍRR (Frjálsíþróttaráðs Reykjavíkur) sat formaður deildarinnar.

Þeir ánægjulegu tímamót urðu í byrjum árs að tekin var í notkunn ný frjálsíþrótta aðstaða í Egilshöll, hefur sú aðstaða fengið nafnið Hellirinn. Óhætt er að segja að reynslan af þessari aðstöðu er afar góð og hefur aðsókn yngri iðkenda stóraukist eftir að aðstaðan var tekin í notkun.

Starfsemin

Starf frjálsíþróttadeildarinnar var með nokkuð hefðbundnum hætti fyrstu mánuði ársins en þegar kom fram í mars fór Covid-19 að hafa áhrif á starf deildarinnar og mótahald það sem eftir var árs.

Fyrsta verkefni ársins var að starfa við Reykjavík International Games ásamt fleiri félögum. RIG fór fram 2. febrúar og er eina alþjóðlega frjálsíþróttamót innanhúss sem haldið er hér á landi. Fjölnir fékk úthlutað MÍ 11-14 ára innanhús og var mótið dagsett 15-16. febrúar. FRÍ frestaði mótinu vegna slæmrar veðurspár og færði dagsetningu mótsins fram í mars. Í mars var mótinu aftur frestað vegna Covid-19 og að endingu var mótið slegið af í oktober vegna Covid-19.

Bikarkepni FRÍ innanhús og var haldin 7-8. mars og tókum við þátt í því mótshaldi venju samkvæmt í samstarfi við Aftureldingu. Árlegt páskamót fyrir iðkendur 6-10 ára féll niður vegna Covid-19 og var í staðin haldin vegleg lokahátíð við annar lok í endaðan maí. Lokahátíðin var haldin í nýju frjálsíþrótta aðstöðunni í Egilshöll og var almenn ánæja með hvernig til tókst..

Fjölnishlaupið, Fjölnishlaup Olís, sem upphaflega var dagsett 21 maí á uppstigningar dag var frestað og var svo haldið í 32 sinni laugardaginn 17 júni. Framkvæmd hlaupsins var að mestu í höndum Hlaupahóps Fjölnis. Framkvæmd og umgjörð hlaupsins þótti takast afar vel og var deildinni til mikils sóma. Fjölnishlaup Olís er nú hluti að Gatorade sumarhlauparöðinni. 127 tóku þátt í 10 km hlaupinu, 88 tóku þátt í 5 km og 111 voru í skemmtiskokkinu. Var þátttakan ívið betri en árið á undan.

Þann 4. júní héldum við okkar árlega Vormót Fjölnis fyrir krakka á aldrinum 11-15 ára, mótið var haldið á Kaplakrikavelli í Hafnarfirði þar sem eingin nothæfur frjálsíþróttavöllur var í Reykjavík. Mótið var með hefðbundnu sniði og alls voru skráðir til leiks 122 keppendur.

Áramót Fjölnis sem dagsett var 29. desember féll niður vegna Covid-19.

Æfingar deildarinnar voru með nokkuð hefðbundnum hætti eins og undanfarin ár.

Hópurinn 10 ára og yngri stækkaði umtalsvert og var honum skipt upp í tvo hópa á haustönninni, 1-2 bekkur og 3-4 bekkur. Þau Matthíasar Más Heiðarssonar, Hafdísar Rósar Jóhannesdóttur og Daði Arnarson höfðu umsjón með þessum hópum. Helga Þóra Sigurjónsdóttir, Elísa Sverrisdóttir, Signý Hjartardóttir, Vilhelmína Þór Óskarsdóttir og Bjarni Anton Theodórsson aðstoðuðu við þjálfun. Hóparnir æfðu tvisvar til þrisvar í viku í Fjölnishellinum Egilshöll.

11-14 ára hópurinn hefu komið sér fyrir í Fjölnis Hellinum og æfir þar 3 í viku og einu sinni í viku í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Umsjónarþjálfari þessa hóps er Matthías

Már Heiðarsson og aðstoðarþjálfarar voru Vilhelmína Þór Óskarsdóttir, Bjarni Anton Theodórsson Signý Hjartardóttir og Elísa Sverrisdóttir. Um sumarið fóru æfingar hópsins fram á frjálsíþróttavelli Aftureldingar í Mosfellsbæ.

Unglingaflokkur 15 ára og eldri æfir undir stjórn Óskars Hlynssonar. Um sumarið fóru æfingar hópsins fram á frjálsíþróttavelli Aftureldingar í Mosfellsbæ. Voru æfingar sameiginlegar með Aftureldingu, en þjálfari þar er Hlynur Chadwick Guðmundsson. Á veturna fara æfingar fram í Frjálsíþróttahöllinnni í Laugardal. Æft er 5-6 sinnum í viku. Theódór Karlsson er tækniþjálfari á fimmtudögum á veturna. Matthías Már Heiðarsson er aðstoðarþjálfari hópsins og hefur hann séð um styrktarþjálfun hans.

Óskar Hlynsson sér um æfingar fyrir fullorðna iðkendur tvisvar til þrisvar sinnum í viku, sá hópur hefur vaxið mikið og eru iðkendur um 10-15 talsins.

Árangur okkar iðkenda hefur verið mjög góður á árinu 2020 og erum við mjög bjartsýn á framhaldið. Margir eru að bæta sig stórlega og vinna góða persónulega sigra og það verður mjög gaman að fylgjast með framhaldinu.

Afreksfólk deildarinnar var valið í desember. Að þessu sinni voru valin Katrín Tinna Pétursdóttir hástökkvari og Bjarni Anton Theódórsson 400m hlaupari.

Íslandsmeistarar á árinu 2020:

Sveit Fjölnis Karla 4*400m boðhlaup

Daði Arnarson 1999 Karl 800 metra pilta, 20-22 ára

Sara Gunnlaugsdóttir 2005 Kona 600m hlaup stúlkna 15 ára

Sara Gunnlaugsdóttir 2005 Kona 80m grindahlaup stúlkna 15 ára

Katrín Tinna Pétursdóttir 2003 Kona Sjöþraut stúlkna 16-17 ára

Kjartan Óli Ágústsson 2002 Karl 800m pilta 18-19 ára, utanhúss

Kjartan Óli Ágústsson 2002 Karl 1500m hlaup pilta 18-19 ára, innanhúss

Kjartan Óli Ágústsson 2002 Karl 800m hlaup pilta 18-19 ára, innanhúss

Helga Þóra Sigurjónsdóttir 2000 Kona Hástökk stúlkna 20-22 ára

Helga Þóra Sigurjónsdóttir 2000 Kona Hástökk stúlkna 20-22 ára, innanhúss

Bjarni Anton Theódórsson 1998 Karl 200m hlaup pilta 20-22 innanhúss

Bjarni Anton Theódórsson 1998 Karl 400m hlaup pilta 20-22, innanhúss

Sara Gunnlaugsdóttir 2005 Kona 800m hlaup stúlkna 15 ára, innanhúss

Ágúst Jónsson 1973 Karl 60m hlaup öldunga M45, innanhúss

Ágúst Jónsson 1973 Karl 200m hlaup öldunga M45, innanhúss

Ágúst Jónsson 1973 Karl 400m hlaup öldunga, M45, innanhúss

Ágúst Jónsson 1973 Karl 200m hlaup öldunga M45

Ágúst Jónsson 1973 Karl 400m hlaup öldunga M45

Ágúst Jónsson 1973 Karl 800m hlaup öldunga M45

Sveinn Arnarson 1969 Karl 200m hlaup öldunga, M50, innahúss

Aðstöðumál:

Innanhússaðstaðan fyrir frjálsíþróttafólk í Laugardalnum er góð, hinsvegar var frjásíþrótta aðstaða utanhús í Laugardal ónothæf allt árið 2020 vegna skemda á vellinum. Deildin hefur átt í samstarfi við Aftureldingu og æft á Varmárvelli, aðstaða þer er ágæt en þarfnast mikils viðhalds. Utnahús keppnis aðstaða fyrir frjálsar íþróttir í Reykjavík er í algeru lamasessi og er engin keppnisfær utandyra völlur í Reykjavík um þessar mundir.

Innanhús aðstaðan í Egilshöll var tekin í notkunn í ársbyrjun 2020 og er alger bylting fyrir deildina, ásókn hjá yngstu hópunum er margföld og er mikil ánægja með aðstöðuna. Deildin stóð fyrir sumarnámskeiði í samstarfi við Gufunesbæ / ÍBR og var þátttaka afar góð og sótti á annað hundrað barna þau námskeið, Matthías, Vilhelmína og Daði höfðu umsjón með þessum námskeiðum. Á árinu 2017 átti deildin í viðræðum við ÍBR um áframhaldandi aðkomu deildarinnar að Miðnæturhlaupinu. Eins og áður hefur komið fram enduðu þær viðræður með því að ekki náðist samkomulag og þótti okkur þar halla verulega á okkar hlut. Viðræður voru á milli aðila á vormánuðum og óskaði IBR eftir aðkomu félaganna að Miðnæturhlaupinu, enn vegna Covid-19 varð ekkert af því samstarfi.

Yfirlit yfir starfsemi Hlaupahóps Fjölnis starfsárið 2020 Eins og allir vita þá var árið 2020 mjög óhefðbundið æfingalega séð. Æfingar féllu mikið niður á árinu. Fyrst í byrjun mars og þar til í maí, svo féllu æfingar aftur niður frá því október fram í desember.

Ingvar Hjartarson tók við þjálfun hópsins af fullum þunga um áramótin 2019/2020, tók hann við af Birnu Varðadóttir. Við bjóðum Ingvar velkominn um leið og við þökkum Birnu fyrir vel unnin störf.

Æfingar eru fjórum sinnum í viku. Á mánudögum og miðvikudögum hleypur hópurinn frá Egilshöll kl. 17:30 en hópurinn hefur aðgang að Hellinum í Egilshöll efir hlaup fyrir teygjur og styrktaræfingar. Hlaup frá Egilshöll er nýbreytni frá fyrra ári. hópurinn hefur þar til í vor 2020 hlaupið frá Foldaskóla.

Á fimmtudögum yfir vetrartímann hittist hópurinn kl. 17:20 og hitar upp fyrir brautaræfingu í Frjálsíþróttahöllinni. Það sem Frjálsíþróttahöllin var meira og minna lokuð vegna sóttvarnarástæðna var hist við Egilshöll kl 17:30 líkt og á mánudögum og miðvikudögum. Venjulega þegar höllin lokar á vorin hleypur hópurinn frá hinum ýmsum stöðum sem tilkynnt er um í æfingarappi. Í sumar var töluvert um utanvegahlaup á fimmtudögum sem mældist vel fyrir.

Á laugardögum eru síðan löng hlaup frá tækjunum við Gullinbrú, kl. 9:30 yfir sumartímann en kl. 10 yfir dimmustu vetrarmánuðina.

Starfsemi hlaupahóps Fjölnis var með nokkuð hefðbundnu sniði þegar samkomutakmarkanir leyfðu. Ingvar Hjartarson er þjálfari hlaupahópsins. Ingólfur Björn Sigurðsson sá um byrjendanámskeið hjá hópnum, ásamt Ingvari. Byrjendanámskeiðið fór fram í byrjun sept en ekki að vori eins og venjulega. Því miður náðist ekki að ljúka námskeiðinu þegar samkomutakmarkanir voru hertar að nýju október. Nú í janúar 2021 eru verið að keyra þær vikur sem út af stóðu.

Vegna þessar sérstaka árs var ekki mikið um keppnishlaup. Gluggi opnaðist þá í júní og júlí sem hópmeðlimir nýtt sér vel. Til dæmis tóku 6 fulltrúar Fjölnis þátt í Laugarvegshlaupinu (54km utanvegahlaup frá Landmannalaugum í Þórsmörk) sem allir komu í mark sælir og glaðir. Eins fór hópurinn saman í gönguferð milli Nesjavalla

og Hveragerðis í einu mesta vatnsverði sem gerði í haust. Eftir gönguna var gist á hóteli Frost & Funa í Hveragerði þar sem meðlimir þurrkuðu ytri bleytu en bættu heldur á hina. Allir hæst ánægðir með það.

Hópurinn er að skipuleggja ferð yfir Fimmvörðuháls í sumar 2021 með gistingu í Básum. Ekki þykir ráðlegt að hugsa mikið um utanlandsferðir eins og staða er, þó hefur hlaupaferð til Ítalíu verið nefnd en bíður líklega til ársins 2022.

F.h. stjórnar, Þorgrímur H. Guðmundsson formaður

HANDBOLTI

Á aðalfundi handknattleiksdeildarinnar 20. febrúar 2020 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Davíð Arnar Einarsson, formaður
- Brynjar Þór Friðriksson, varaformaður
- Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, meðstjórnandi og formaður mfl. ráðs karla
- Magnús Þór Arnarson, meðstjórnandi og formaður mfl. ráðs kvenna
- Hans Liljendal Karlsson, meðstjórnandi og formaður BUR
- Sveinn Ingvarsson, meðstjórnandi
- Margrét Theodórsdóttir, meðstjórnandi

Starfsemin

Árið 2020 fór vel af stað, fjölgun iðkenda var veruleg í byrjun árs og aldrei hafa jafnmargir verið skráðir í handbolta hjá Fjölni frá stofnun deildarinnar. Við héldum

skólamót í janúar þar sem um 300 krakkar í grunnskólum Grafarvogs tóku þátt, margir í skemmtilegum búningum og gleðin ríkjandi. Allt var á fullu gasi þar til að dökka ský Covid-19 kom yfir og slökkti á handboltanum, í byrjun mars, þar til öllu var hleypt aftur á stað í maí. Þá var tekin sú ákvörðun að lengja í vorönninni um tvær vikur og var því æft og keppt fram í miðjan júní.

Haustönnin byrjaði í ágúst/september og var verulega gaman að sjá íþróttafólkið okkar aftur á parketinu. Hins vegar var öllu skellt í lás í byrjun október vegna Covid-19. 16 ára og yngri fengu að byrja aftur að æfa um miðjan nóvember og meistaraflokkunum var hleypt af stað í desember. Hins vegar fengu unglingarnir (16-18 ára) ekki að byrja aftur fyrr en 12. janúar 2021. Að okkur mati hefur hallað á þann aldursflokk í aðgerðum ríkisstjórnarinnar gegn faraldrinum. Það á einnig eftir að koma í ljós hver raunverulegur skaðinn af því verður en ljóst er að brottfall ungmenna úr íþróttum hefur orðið að veruleika sem erfitt getur verið að bæta og snúa við.

Þrátt fyrir öll þessi skakkaföll síðasta árs erum við full af bjartsýni enda finnum við fyrir fjölgun aftur á skráningu barna- og unglinga í handboltanum. Við erum með tvo meistaraflokka í rekstri sem eru myndaðir af ungu og efnilegu fólki sem gaman er að

fylgjast með. Samstarf Fjölnis og Fylkis er í gangi frá 4 flokki og uppúr og sameiginlegur meistaraflokkur kvenna er starfandi. Umgjörðin í kringum handboltann er eins og best er kosið en þeir sem starfa í kringum handboltann er samheldur hópur fólks sem vinnur hörðum höndum á að gera upplifun krakkanna okkar sem besta.

Vil ég, að þessu tilefni, færa sérstakar þakkir til Barna- og unglingaráðs, meistaraflokksráðum kvenna og karla og öðrum sem koma að skipulagi og sjálfboðastarfinu. Einnig vil ég þakka þjálfurum okkar kærlega fyrir sitt óeigingjarna starf sem þeir sinntu frábærleg, oft á tíðum við erfiðar og nýstárlegar aðstæður. Það er sagt að í erfiðum aðstæðum kemur í ljós úr hverju fólk er gert og það er ekki spurning að fólkið í kringum handboltann er frábært, klárt, óeigingjarnt og GRJÓTHART.

Rekstur deildarinnar var erfiður árið 2020 eins og hann hefur verið undanfarin ár. Hins vegar átti sér stað ákveðin tilkekt á árinu 2019 sem hefur skilað af sér í hagkvæmni í rekstri á árinu 2020. Sú ákvörðun eins og hún var erfið á árinu 2019 hefur heldur betur skilað sér á síðasta ári. Því er hins vegar ekki neitað að erfiðara er að eiga við tekjuhlið rekstursins eins og að fá nýja styrktaraðila og móta- og leikjatekjur voru nánast engar á árinu. Af því leiðir var úrræði ríkisstjórnarinnar fagnað og kemur það ásamt öðrum aðgerðum í veg fyrir að deildin sé rekinn í halla (sem hefur ekki gerst í mörg ár). Í þessu sambandi vil ég einnig þakka aðalstjórn Fjölnis og Gumma framkvæmdastjóra kærlega fyrir aðstoðina við að koma rekstrinum á réttan kjöl eins og stefnt var að þrátt fyrir fordæmalausar aðstæður.

Áfram Fjölnir og áfram handbolti.

Davíð Arnar Einarsson

Formaður Handknattleiksdeildar Fjölnis

ÍSHOKKÍ

Skýrsla stjórnar veturinn 2020 – 2021

Á aðalfundi íshokkídeildarinnar 12. febrúar 2020 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Heiðrún Kristín Lúðvíksdóttir, formaður
- Jens Kristjánsson, varaformaður
- Sigurdís Gunnarsdóttir, gjaldkeri
- Jóhanna Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
- Birkir Björnsson, meðstjórnandi

Starf stjórnar hefur gengið mjög vel í ár, þrátt fyrir að ytri aðstæður hafi gert venjulegt fundarhald erfitt þá hafa fundir verið haldnir mjög reglulega og þar utan verið í svo til daglegum samskiptum með rafrænum hætti. Stjórnin hefur verið samstillt og samstarfið

einkennst af trausti og heilindum. Nær ávallt hefur verið samhljómur og einung um þær ákvarðanir sem stjórnin hefur tekið.

Það hefur ekki farið framhjá neinum að síðastliðið ár og upphaf þessa árs hefur ekki verið eðlilegt og hefur Covid-19 haft áhrif á alla með einum eða öðrum hætti. Stjórnin tók við í lok febrúar 2020 og skömmu síðar var samfélaginu svo til lokað og okkur gert að fella niður æfingar og leiki. Reynt var eftir fremsta megni að halda æfingar rafrænt og halda takti í starfinu fram að sumri.

Það var fleira sem einkenndi upphaf þessarar stjórnar og í vor var tekin ákvörðun um að endurnýja ekki samning við þáverandi yfirþjálfara deildarinnar Alexander Medvedev. Alexander hafði verið með okkur í fjögur ár og sem yfirþjálfari í tvö ár. Þessi ákvörðun var vissulega ekki auðveld og aðstæður á heimsvísu með Covid-19 hangandi yfir öllu var ekki til þess að einfalda stöðuna þar sem mikil óvissa var og starfið lá niðri að mestu í vor. Stjórnin var samstíga í þessari ákvörðun og taldi mikla þörf á því að breyta til og fylgja eftir ráðningu fyrri stjórnar sem fékk til starfa Andra til þess að taka við þjálfun yngri flokka og uppbyggingu skautaskóla fyrir yngstu iðkendur okkar. Leit að nýjum yfirþjálfara stóð fremur stutt yfir þar sem fljótlega komumst við í samband við Emil Alengard sem er einn leikreyndasti landsliðsmaður sem Ísland hefur átt og starfaði hjá AIK í Stokkhólmi en var á leið heim til Íslands með fjölskyldu sinni. Emil hóf störf hjá okkur í byrjun ágúst. Strax má greina áherslubreytingar á starfinu og þrátt fyrir það að Covid-19 hafi truflað starfið mikið og um tíma lagt það niður þá má greina miklar framfarir og fagmennsku í starfinu og óhætt að segja að fráfarandi stjórn er stolt af þessum breytingum og horfir björtum augum til framtíðarinnar.

Það er þó ljóst að sá heimsfaraldur sem við höfum mátt þola síðastliðið ár hefur þó haft mikil áhrif á starfið, fyrir utan skertar æfingar þá höfum við harkalega fundið fyrir honum fjárhagslega. Fjáraflanir og aðrar leiðir til þess að leita styrkja hurfu og þessir fjárstraumar hafa verið mikilvægur þáttur í rekstri okkar. Við erum þakklát fyrir þá þolinmæði og stuðning sem foreldrar og iðkendur hafa sýnt deildinni og þrátt fyrir skerta starfsemi þá var lítið um óskir á niðurfellingu gjalda sem hefði gert reksturinn óbærilegan í því rekstrarumhverfi sem stjórnin hefur starfað við síðastliðið ár. En með

samstöðu þá tókst að draga eins mikið úr því fjárhagslega tjóni sem deildin hefði getað orðið fyrir. Það er svo rétt að taka það fram að við fundum sannarlega fyrir því að vera partur af Fjölni og á svona tímum hjálpaði það mikið til að vera partur af öflugu og sterku íþróttafélagi og án þess hefði árið orðið mun þyngra rekstrarlega.

Félagið varð þrítugt á árinu 2020 og því miður hefur ekki verið tækifæri til þess að halda uppá afmælið en verður það gert við fyrsta tækifæri. Afmælisbarnið hefur hins vegar gert langan afmælisgjafa lista og er öllum velkomið að taka þátt í því að gleðja afmælisbarnið á erfiðu afmælisári og vera partur af því að auka enn frekar á hamingju og gleði þessa fallega og bjarta afmælisbarns.

Nýrrar stjórnar býður spennandi verkefni að halda áfram uppbyggingunni og auka samvinnu okkar við önnur aðildarfélög, sérsamband, móðurfélag og iðkendur.

Allt starf stjórnar er sjálfboðastarf og er það oft á tíðum ósérhlífið. Á tímum fylgir starfinu álag og oft erfið samskipti og ákvaraðnir sem þarf að taka. En á sama tíma er það afskaplega gefandi og það er gaman að vera þáttakandi í starfi sem þessu, sjá deildina stækka og börn og iðkendur vaxa í íþrótt sem við öll elskum. Til þess að vöxtur geti haldið áfram þarf að virkja fleiri einstaklinga í sjálfboðastarf og virkja þarf betur foreldraráð og starf foreldra í yngri flokkum. Hins vegar hafa ytri aðstæður litað starfið í ár og gert aðkomu foreldra erfiðara en við erum vön í venjulega árferði. Íshokkí er frekar mannfrek íþróttagrein þegar leikir eru annars vegar og heilt yfir mættu foreldrar / forráðamenn vera öflugri við að aðstoða við starfið í kringum leikina. Annars hefur þetta sloppið ágætlega til hjá okkur. Að vanda hefur sjoppan okkar verið í góðum

höndum Kristínar, Hafdísar og Guggu, sjoppan hefur vissulega fundið fyrir skertu starfi. Það er ómetanlegt fyrir deildina að þær séu til taks og taki að sér þennan rekstur. Það verður gott að komast reglulega í kaffi á ný í Bjarnarbúðinni og ræða guð og mennina þegar lífið fer í eðlilegan takt á ný.

Yngri flokkar Bjarnarins

Þjálfarastarf yngri flokka var í byrjun í höndum Andra og Alexanders. Eftir að ákvörðun lá fyrir um að endurnýja ekki samninga við Alexander þá tók Andri við þjálfun flokkanna og sinnti því öllum yngri flokkum þar til að Emil kom til okkar í byrjun ágúst. Við viljum aftur þakka Alexander fyrir starf sitt fyrir deildina í gegnum árin. Einnig viljum við þakka Andra fyrir sitt starf og sérstaklega fyrir að hafa stokkið til og haldið æfingum uppi á meðan beðið var eftir Emil.

Síðast en ekki síst viljum við þakka öllum aðstoðarþjálfurum sem hafa verið mikilvægir í ár, Unnur, Christian, Jens, Laura, Maríanna, Thomas, Elín kærar þakkir.

Covid-19 litaði mót og leiki yngri flokkana og náðust ekki að klára Íslandsmótin sökum þessa. A-lið 4. flokks varð hins vegar Íslandsmeistari þar sem ekkert lið gat náð þeim að stigum þrátt fyrir að 4 leikir væru eftir af mótinu, glæsilegt hjá þessum efnilegu leikmönnum.

Við eigum góðan efnivið í öllum flokkum en halda þarf vel um starf yngri flokkana og tryggja að allir iðkendur haldi áfram, jafnframt þarf að halda áfram sókninni og fjölga iðkendum enn frekar. Munur er á fjölda iðkenda á milli flokka og ákveðnir flokkar eru fámennir og þarf að hugsa sérstaklega vel um þá flokka og tryggja að ekki komi göt í aldurshópa.

Meistaraflokkur kvenna

Mfl. Kvenna kláraði sína leiki og bætti árangur sinn frá síðustu leiktíð. Ein af stefnumarkandi ákvörðunum sem var tekin fyrir tímabilið sem nú stendur yfir var að slíta samstarfi við SR og tefla fram eigin liði á Íslandsmótinu. Það var mikil samstaða innan stjórnar og þjálfara að þetta væri nauðsynlegt skref til þess að styðja við frekari uppbyggingu á kvennaflokkum deildarinnar. Það hefur verið stefnumál fráfarandi stjórnar að byggja upp kvenna ishokkí og var þetta því mikilvæg fjárfesting til framtíðar.

Meistaraflokkur karla

Mfl. Karla hóf sitt tímabil af krafti og var það ljóst strax í upphafi að liðið ætlaði sér að berjast um Íslandsmeistaratitilinn. Því miður var tímabilið flautað af eftir að okkar menn höfðu tryggt sér þátttöku í úrslitakeppni og enginn Íslandsmeistari því krýndur. Nýtt keppnistímabil tafðist svo sökum Covid-19 og er tímabilið því rétt að hefjast. Við erum sannfærð um að ná í úrslitakeppni í ár og berjast um titilinn í vor.

Framundan

Framundan eru bjartir tímar og er fráfarandi stjórn þakklát því trausti og stuðningi sem henni hefur verið sýnt. Það verður gaman að sjá starfið, deildina og íþróttina dafna undir forystu nýrrar stjórnar. Með sterku þjálfarateymi undir forystu Emil Alengard er framtíðin björt fyrir Íshokkídeild Fjölnis og íshokkí á Íslandi sömuleiðis.

Iðkendum hefur fjölgað úr 110 í upphafi en eru nú 140. Ef skautaskóla fullorðinna og oldboys flokki karla er bætt við þá eru iðkendur 166. Þetta eru mjög jákvæðar fréttir og skýr merki þess að þær breytingar sem fráfarandi stjórn réðst í hafa strax skilað sér í starfinu.

Kærar þakkir fyrir okkur,

Áfram Fjölnir / Björninn

F.h. stjórnar

Birkir Björnsson

KARATE

Á aðalfundi karatedeildarinnar 19. febrúar 2020 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Þorsteinn Yngvi Guðmundsson, formaður
- Esther Hlíðar Jensen, gjaldkeri
- Valborg G. Guðjónsdóttir, ritari
- Friðrik Magnússon, meðstjórnandi
- Sif Ólafsdóttir, meðstjórnandi
- Sigríður Þórdís Pétursdóttir, meðstjórnandi
- Willem Cornelis Verhaul, meðstjórnandi

Inngangur

Árið 2020 leið með heldur óvenjulegum hætti. Þó má segja að starfsemi deildarinnar hafi tekist ágætlega miðað við aðstæður. Það er að segja, haldnar voru æfingar sem stóðust kröfur yfirvalda. En mótahald breyttist þó sem von var.

Karatedeildin tók þátt í mótum í upphafi árs með skínandi árangri. En sem gefur að skilja var fátt um keppnir frá mars og út árið.

Venju samkvæmt hefðu verið haldnar æfingabúðir og beltapróf undir leiðsögn Sensei Steven Morris á vorönn. Þetta hefði verið 15. árið í röð sem Sensei Steven kemur til að kenna og staðfesta árangur iðkenda. En vegna ástandsins í heiminum var heimsókn Steven frestað fram á vorið 2021. Fyrirhugaðri ferð svartbeltishafa til Skotlands til að undirgangast gráðun hjá Sensei Tommy Morris var sömuleiðis frestað.

Karatekona og -maður ársins voru valin Eydís Magnea Friðriksdóttir og Páll Haraldsson.

Stjórn hefur unnið að þeim markmiðum sem sett voru fyrir deildina fyrir fáeinum árum. Þessi markmið snúa að félagsstarfinu, árangri í íþróttinni og rekstri deildarinnar.

Stjórn

Ný stjórn tók við störfum að loknum aðalfundi þann 19. febrúar 2020. Hana skipa: Þorsteinn Yngvi Guðmundsson formaður, Esther Hlíðar Jensen gjaldkeri og Valborg Guðrún Guðjónsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru Willem Cornelis Verheul yfirþjálfari deildarinnar, Friðrik Magnússon, Sif Ólafsdóttir og Sigríður Þórdís Pétursdóttir. Sigríður kemur ný til starfa, en aðrir hafa setið áður í stjórn. Sigríður er gamalkunnur afreksiðkandi, keppandi og þjálfari deildarinnar.

Meginähersla stjórnarinnar á árinu var að finna leiðir til að halda iðkendum við efnið og freista þess að finna leiðir til að fá fólk til að snúa aftur til iðkunar eftir að æfingar féllu niður vegna Covid-19 viðbragða.

Þjálfarar

Karatedeildin býr að reynslumiklu þjálfarateymi. Þar fer fyrir vöskum hópi yfirþjálfari er sem hefur leitt starfsemina frá stofnun deildarinnar, Willem Cornelis Verheul, 3. dan sem er ábyrgur fyrir öllu starfi í þjálfunaraðstöðu deildarinnar.

Honum til halds og trausts eru:

- Snæbjörn Willemsson Verheul, 3. dan.
- Pathipan Kristjánsson, 1. dan.
- Páll Haraldsson 2. dan.
- Guðbjörg Rún Torfadóttir, 1. dan.

Auk ofangreindra starfar lítill hópur aðstoðarþjálfara, 14-15 ára iðkendur sem eiga það sameiginlegt að hafa lokið svartbeltisgráðun. Einn hluti settra markmiða deildarinnar lýtur að því að tryggja framgang iðkenda sem áhuga hafa á að koma að þjálfun iðkenda. Þetta er gert bæði til að tryggja að deildin hafi aðgang að fólki með næga þekkingu á karatetæknilegum atriðum sem og starfinu innan deildarinnar. Þannig hafa yngri iðkendur fengið tækifæri til að leggja hönd á plóg með öðrum reynslumeiri þjálfurum.

Það hefur sýnt sig að brottfall iðkenda kemur gjarnan til um 16 ára aldurinn þegar grunnskóla lýkur og fleiri breytingar verða í umhverfi unglinganna. Þá hefur reynst deildinni ágætlega að bjóða nemendum sem vilja draga úr stífum æfingum að taka að sér þjálfun frekar en að hverfa alveg frá íþróttinni.

Starfsárið

Starfsárið var óvenjulegt. Eins og fram kemur hér að ofan var lítið um keppnir á árinu. Helsta keppnin á árinu voru Reykjavik International Games sem haldnir voru í janúar. Á þeim náðu iðkendur Karatedeildar Fjölnis einum silfurverðlaunum og þrennum bronsverðlaunum í kata ásamt silfri og bronsi í kumite.

Stjórn deildarinnar hefur unnið samkvæmt stefnumótun og markmiðum sem sett voru árið 2017. Starfið innan deildarinnar hefur verið farsælt, þar sem unnið hefur verið í átt að settum markmiðum. Þau lúta að karatetæknilegri framþróun iðkenda, félagsstarfinu sem og rekstrarlegum niðurstöðum. Að jafnaði metur stjórnin framgöngu verkefna á mánaðarlegum fundum auk þess sem ákveðin eru skref sem stíga á næsta mánuðinn og hver ber ábyrgð á hverju þeirra.

Félagsstarfið

- Innan deildarinnar störfuðu að jafnaði um 90 iðkendur á hverri önn. Þeim fækkaði þó þegar við upphaf haustannar og benda allar líkur til þess að bein tenging sé milli þeirrar fækkunar og Covid-19.
- Karatedeildin heldur að jafnaði úti æfingum sex daga vikunnar. Æfingafyrirkomulag er þannig að byrjendur fá að jafnaði tvær kennslustundir í viku á meðan lengra komnir fá þrjár kennslustundir. Því til viðbótar fá þeir iðkendur sem eru í afrekshópi, sem rekinn er sameiginlega með Karatedeild Aftureldingar, þrjár aukaæfingar á viku.
- Í ár var æfingum framhaldið eftir að samkomuhömlum var létt í vor og var þá æfingum vorannar áframhaldið langleiðina út júnímánuð í stað þess að enda í maí venju samkvæmt.

- Á þeim tíma þegar samkomubann var í gildi var komið til móts við iðkendur með því að halda fjaræfingar í gegnum tölvu sem tókust með ágætum. Iðkendur æfðu þá heimavið undir leiðsögn þjálfara.
- **Eydís Magnea Friðriksdóttir**. Eydís hefur, þrátt fyrir ungan aldur sýnt mikið keppnisvilja. Árið í ár var henni eins og svo mörgu öðru góðu íþróttafólki snúið að hún fékk ekki að spreyta sig sem skildi. Hún náði þó að keppa á Reykjavik International Games, RIG2020, þar sem hún náði öðru sæti í kata í sínum flokki. Eydís var valin í ár eins og síðast ár til að æfa með landsliði Íslands og átti ókeppt á nokkrum mótum fyrir Íslands hönd þegar Covid 19 skall á heimsbyggðina.

  Eydís starfar sem aðstoðarþjálfari hjá karatedeildinni og er meðlimur í Afrekshópi hennar. Hún er jafnframt fastur meðlimur karatelandsliðsins og var valin til að taka þátt fyrir hönd Íslands á fjölda móta erlendis þetta árið. *Metnaður* og *Virðing* eru þau gildi Fjölnis sem Eydís hefur lifað í starfi sínu innan deildarinnar.
- **Páll Haraldsson**. Páll er einn af þeim sem hefur verið til fyrirmyndar innan félagsins sem og innan karateíþróttarinnar r. Hann hóf æfingar hjá Fjölni árið 2007 og hefur síðan verið óslitið að æfingum og störfum hjá félaginu. Hann komst í afrekshóp þegar hann hafði aldur til og keppti með góðum árangri fyrir hönd Fjölnis á fjölda móta. Eftir að keppnisferli lauk hefur Páll margsinnis tekið að sér starf liðsstjóra Fjölnis á mótum. Hann tók jafnframt að sér aðstoðarþjálfun til að byrja með og er nú vinsæll þjálfari og stuðningsmaður keppenda á mótum.
- Heimspeki karateíþróttarinnar kveður á um að iðkendum beri að gefa til baka til félagsins og Páll er þar til fyrirmyndar. Hann hefur lokið 2. Dan gráðun fyrir svart belti og eftir 13 ára starf með Fjölni sér engan bilbug á honum. Það leynist engum að hjarta Palla slær fyrir velgengni og vellíðan iðkenda karatedeildarinnar, við í deildinni finnum það glögglega. Það er erfitt að gera upp á milli þess hvaða gildi Fjölnis Páll hefur helst lifað því hann hefur um langan keppnisferil sýnt *Metnað*. En eftir því sem hann hefur

þroskast innan félagsins og aukið ábyrgð sína verður að minnast á bæði *Virðingu* og *Heilbrigði* sem gildi sem hann hefur í hávegum.

Rekstrarárangur

Rekstrarárangurinn á árinu var ásættanlegur að teknu tillliti til aðstæðna. Þær urðu til þess að tekjur féllu, en að sama skapi féll ekki til jafn mikill kostnaður og hefði orðið í venjulegu árferði. Niðurstaða í rekstri deildarinnar varð um 1.200 þúsund í rekstrarafgang eða um 18% af heildartekjum deildarinnar.

Sem fyrr segir hefur stjórnin sett sér markmið er lúta að fjárhagslegri afkomu deildarinnar.

Stjórnin þakkar þjálfurum, iðkendum og forráðamönnum þeirra fyrir samstarfið á árinu. Sérstakar þakkir fær yfirþjálfari deildarinnar sem hefur veg og vanda af öllu er snýr að faglegu starfi deildarinnar.

Fyrir hönd stjórnar:

Þorsteinn Yngvi Guðmundsson

Formaður

KNATTSPYRNA

Á aðalfundi knattspyrnudeildarinnar 17. febrúar 2020 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Kolbeinn Kristinsson, formaður
- Kári Arnórsson, varaformaður
- Geir Kristinsson, formaður meistaraflokksráðs karla
- Marinó Þór Jakobsson, formaður meistaraflokksráðs kvenna
- Sævar Reykjalín, formaður BUR
- Hjörleifur Þórðarson, ritari
- Jósep Grímsson, meðstjórnandi
- Ívar Björnsson, meðstjórnandi
- Jóhann Rafn Hilmarsson, meðstjórnandi
- Trausti Harðarson, meðstjórnandi

Starf yngri flokka

Árið 2020 var merkilegt fyrir margar sakir ekki síst vegna heimsfaraldar sem gekk yfir með tilheyrandi aukaverkunum fyrir samfélagið. Þegar samkomutakmarkanir og æfingabönn voru sett á staðnaði um tíma allt starfið en flottir þjálfarar og starfsfólk Fjölnis brugðust skjótt við og settar voru upp heimaæfingar, ratleikir og sitthvað fleira til að hvetja iðkendur áfram. Í þessu ástandi varð framþróun í tæknilegum útfærslum meiri og enginn spurning að það mun nýtast okkur í framtíðinni en það kemur þó ekkert í staðinn fyrir það að spila fótbolta í hóp með vinum. Á þessu erfiða tímabili náðum við að halda öllum þjálfurum áfram hjá félaginu þrátt fyrir minni tekjur.

Á haustmánuðum 2020 var svo tekið stórt skref fyrir yngriflokka þjálfun knattspyrnudeildar Fjölnis þegar stöðugildum yfirþjálfara var fjölgað úr einum í tvo. Gunnar Már sem sinnt hafði einn stöðu yfirþjálfara yngriflokka fékk gríðarmikinn liðstyrk þegar Arngrímur Jóhann Ingimundarson kom inn í starfsliðið og um leið var gerð skipulagsbreyting. Gunnar Már vað yfirþjálfari yngri flokka karla og Arngrímur varð yfirþjálfari yngri flokka kvenna. Með þessum breytingum ásamt öðrum var settur mun meiri áhersla en áður í kvennastarfið hjá okkur sem til þessa hefur skilað jákvæðri niðurstöðu þrátt fyrir að Covid-19 hafi torvelt allri nýliðun í íþróttastarfi almennt.

Með þessari breytingu er ekki verið að tjalda til einnar nætur og hefur á síðustu mánuðum verið unnið ötullega að því að styrkja kvennastarfið með samstarfi milli yngriflokka kvenna og meistaraflokks. Settur var á laggirnar starfshópur hjá BUR sem vinnur ötullega að fjölgun iðkenda í kvennaflokk og gaman er að segja frá því að eftir því sem ég kemst næst hefur kynjahlutfallið í stjórn BUR sjaldan verið betra en þar sitja 4 konur og 3 karlar ásamt yfirþjálfurum.

Skipaður var starfshópur um afreksþjálfun og er hún komin af stað aftur og er í stanslausri þróun með því að markmiði að veita okkar efnilegustu stúlkum og drengjum tækifæri til að hámarka hæfileika sína.

Ólíkt því sem mörg félög eru að upplifa þá hefur brottfall iðkenda í eldriflokkum ekki verið mikil sem er mjög jákvætt en nýliðun í yngstu flokkum, 8 flokk og 7 flokk, hefur verið minni en vonir stóðu til sér í lagi haust 2020. En jákvæðar tölur hafa þó borist fyrirhluta árs 2021 og því óþarfi að örvænta en vel er fylgst með þessum tölum hjá yfirþjálfurum og BUR. Það er mikilvægt að foreldrar, forráðamenn og samfélagið í Grafarvogi sé meðvitað um mikilvægi íþrótta ekki bara fyrir líkamlegt hreysti en ekki síður fyrir andlegthreysti og félagsþroska.

Árangur yngri flokka félagsins var með fínasta móti 2020 og framtíðin er björt áfram eins og verið hefur fyrir félagið okkar.

Meistaraflokkur karla

Árið 2020 verður lengi í minnum haft enda með öllu fordæmalaust og einstakt ár í íþróttasögunni. Árangur liðsins inn á vellinum var vægast sagt ekki góður. Þegar tímabilið var blásið af sökum Covid-19 faraldursins þá hafði Fjölnir spilað 18 leiki en

einungis fengið sex stig í gegnum jafn mörg jafntefli. Liðið datt út í 16-liða úrslitum Mjólkurbikarsins gegn KR.

Stefna félagsins er að fara beint aftur upp í deild þeirra bestu. Ásmundur Arnarsson verður áfram aðalþjálfari liðsins. Gunnar Már Guðmundsson hætti á árinu sem aðstoðarþjálfari liðsins og mun einbeita sér að starfi sínu sem yfirþjálfari yngri flokka karla. Við þökkum Gunnari Má kærlega fyrir hans framlag í gegnum tíðina. Í hans stað kom reynsluboltinn Baldur Sigurðsson inn sem spilandi aðstoðarþjálfari. Gunnar Sigurðsson verður áfram markmannsþjálfari liðsins. Sem fyrr þá eru margir efnilegir og góðir leikmenn að koma upp í gegnum yngri flokka starfið sem spennandi verður að fylgjast með í framtíðinni.

Meistaraflokkur kvenna

Það er óhætt að segja að starfsárið 2020 hafi verið viðburðarríkt hjá meistaraflokki kvenna þar sem árið, eins og hjá öðrum knattspyrnufélögum, einkenndist einna helst af óvissu og breytingum. Eftir strembið tímabil hafnaði liðið í 9. sæti deildarinnar sem þýðir að liðið muni leika í 2. deild á komandi tímabil.

Þrír þjálfarar leiddu meistaraflokk kvenna fram að Íslandsmótinu og yfir tímabilið. Helena Ólafsdóttir, einn reynslumesti kvennaþjálfari landsins, stýrði þjálfun liðsins framan að vori en skömmu fyrir Íslandsmót þurfti hún frá að hverfa vegna starfs hennar sem íþróttaþulur. Í stað hennar tók Dusan Ivkovic við liðinu. Dusan þekkjum við Fjölnisfólk vel frá fyrri tíð en hann þjálfaði hjá yngri flokkum félagsins fyrir nokkrum árum með góðum árangri. Undir lok tímabilsins leiddi svo Axel Örn Sæmundsson

aðstoðarþjálfari flokkinn tímabundið. Axel hefur verið markmanns- og aðstoðarþjálfari í meistaraflokki kvenna síðustu ár og reynst stelpunum mjög vel. Axel tók svo í haust við 3. og 4. flokki karla ásamt markmannsþjálfun yngri flokka. Honum er þakkað kærlega fyrir sitt framlag til meistaraflokks kvenna í gegnum árin.

Vel hefur gengið að halda sama leikmannahópi og nýir þjálfarar, þeir Theódór Sveinjónsson og Júlíus Ármann Júlíusson, hafa nú nýlega tekið við liðinu. Áfram munum við njóta aðstoðar Arnórs Ásgeirssonar, styrktarþjálfara. Þetta reynda og öfluga þjálfarateymi kemur með mikla reynslu, sem og ákveðinn stöðugleika og festu sem hefur vantað síðustu ár. Nú er undirbúningur í fullum gangi fyrir komandi tímabil, nokkrir reyndir leikmenn hafa gengið til liðs við félagið og ungu stelpurnar hafa haldið áfram að vaxa og styrkjast undir handleiðslu nýrra þjálfara. Það verður spennandi að fylgjast með liðinu á komandi leiktíð þar sem stefnan er sett beint upp aftur.

Áfram Fjölnir!

KÖRFUBOLTI

Á aðalfundi körfuknattleiksdeildarinnar 25. febrúar 2020 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Elfa Björk Kjartansdóttir, formaður
- Birgir Guðfinnsson, gjaldkeri
- Guðjón Heiðar Sigurðsson, meðstjórnandi
- Gunnar Jónatansson, ritari
- Þórdís Ólafsdóttir, meðstjórnandi
- Arnar Garðarsson, varamaður
- Guðleif Hafdís Indriðadóttir, varamaður

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2020

Ný stjórn tók við hjá körfuknattleiksdeild Fjölnis í byrjun mars 2020 og hefur því starfað í skugga þess heimsfaraldurs sem hefur verið í gangi allt frá því að hún tók við. Þó að horfur séu á því að við sjáum fyrir endann á þessu ástandi þá er enn langt í land með að körfuboltastarf sé komið í rétt horf. Allar líkur eru á því að það muni taka hreyfinguna og félögin í landinu langan tíma að vinna úr þeim áföllum sem á þeim hafa dunið. Þar er ekki einungis verið að vísa til þeirra fjárhagslegu áfalla sem deildin hefur orðið fyrir heldur enn fremur þess brottfalls sem orðið hefur hjá iðkendunum okkar sem erfitt getur verið að bæta.

Starf stjórnarinnar hefur því litast mikið af þeim áskorunum og þeirri óvissu sem skapast hefur, ekki bara í íþróttastarfi heldur einnig varðandi aðra þætti í samfélaginu. Stjórn hefur þurft að horfa til margra utanaðkomandi þátta við reksturinn þetta árið og taka mikilvægar ákvarðanir oft með stuttum fyrirvara og án þess að hafa nægilegar upplýsingar.

Starfsemin

Þrátt fyrir þetta þá eru iðkendur deildarinnar 236 og skiptast þeir í 156 stráka og 80 stelpur. Áhersla og metnaður var settur í að fá inn öfluga þjálfara í alla flokka og teljum við að það hafi tekist. Má þar nefna að stúlkur frá 6 – 10 ára aldurs eru með þjálfara sem eru landsliðsþjálfarar kvenna hjá íslenska landsliðinu.

Barna- og unglingastarf hjá Fjölni á tímabilinu 2019/2020 var í góðum málum og margir flokkar að ná flottum árangri.

Einnig á Fjölnir 18 einstaklinga í U landsliðunum sem er frábær árangur og sýnir að sá metnaður sem hefur verið settur í uppbyggingarstarf undanfarin ár er að skila sér í öflugum leikmönnum.

Í minnibolta 10 ára voru bæði strákar og stelpur efst í a riðli þegar að tímabilið stöðvaðist, stelpurnar í minnibolta 11 ára voru að komast upp í b riðil og hjá strákunum var Fjölnir með 5 lið.

Stelpurnar í 7. flokki voru í hörkubaráttu í a riðli og strákarnir tefldu fram bæði a og b liði, stelpurnar í 8. flokki voru að berjast í b riðli og strákarnir í a riðli.

Í 9. flokki (fæddir 2005) voru strákarnir enn ósigraðir og á góðri leið með að verja bæði Íslands- og Bikarmeistaratitilinn frá því árinu áður og stelpurnar í 9. flokki voru einnig í a riðli.

Að lokum þá voru stelpurnar í 10 flokki í 1 sæti í 2. deild og strákarnir í 2 sæti í 1. deild.

Drengjaflokkur var með a og b lið. A liðið var í baráttu um fyrsta sætið og b liðið var í 4 sæti í 2. deildinni.

Unglingaflokkur var einnig með a og b lið og var a liðið í 3 sæti í 1. deild og b liðið í 3 sæti í 2. deild.

Í stúlknaflokki tefldu Fjölnir og Valur fram sameiginlegu liði og var það í 1 sæti í 2. deild þegar að mótið var flautað af.

Um miðjan mars 2020 tók KKÍ þá ákvörðun að aflýsa öllum leikjum í neðri deildum sem og hjá yngri flokkum, nokkrum dögum seinna var keppnistímabilið 2019/2020 flautað af í heild sinni. Það var því ekkert lið krýnt sem bikarmeistarar eða deildarmeistarar þetta tímabil hjá yngri flokkum.

Ákveðið var að hefja æfingar fyrr en venjulega eða í ágúst og fóru allir flokkar vel af stað. Því miður þurfti aftur að fresta mótahaldi snemma í október og því var ekki hægt að halda minniboltamót, fjölliðamót eða deildarleiki. Einnig þurfti Fjölnir að fresta Fjölnismótinu sem er mikill missir bæði fyrir keppendur þar sem að þetta er eitt af stóru mótunum fyrir yngstu iðkendurna en einnig fyrir deildina þar sem að þetta er stærsta fjáröflun hennar yfir árið.

Æfingar fyrir iðkendur fædda 2005 og yngri hófust að nýju í nóvember og fyrstu leikirnir voru spilaðir seinnipartinn í janúar 2021.

Stúlkna- drengja og unglingaflokkur fékk ekki að byrja að æfa fyrr en um miðjan janúar 2021 og voru þessir iðkendur því búnir að vera frá skipulögðum körfuboltaæfingum í rúma 3 mánuði þegar að æfingar hófust að nýju.

Tekin var sú ákvörðun hjá KKÍ að eitt lið myndi falla úr Dominos deildinni niður í fyrstu deild og eitt lið færast upp á móti bæði í kvenna- og karlakörfuboltanum. Með þessari ákvörðun féll meistaraflokkur karla úr Dominos deildinni niður í 1. deildina en meistaraflokkur kvenna fór upp í Dominos deildina úr fyrstu deildinni.

Meistaraflokkur kvenna

Eins og áður kom fram fór meistaraflokkur kvenna úr 1. deild í Dominos deildina þegar að deildin var stöðvuð í mars 2020. Strax var tekin ákvörðun um að setja stefnuna hátt í deildinni þar sem við erum með mjög öflugan grunn af Fjölnisstelpum í liðinu og horft til þess að styrkja þær með erlendum leikmönnum sem hafa komið vel inn í sterkan grunn sem fyrir var í liðinu.

Áður en tímabilið hófst var var tekin ákvörðun um að bjóða uppá b-lið hjá meistaraflokki kvenna. Með þessu sá stjórn fram á að hægt væri að gefa ungum og upprennandi leikmönnum tækifæri á að öðlast reynslu og fá spilatíma með b-liðinu en einnig fá tækifæri til þess að spreyta sig í efstu deild. Í b liðinu eru einnig eldri leikmenn sem hafa sannað sig sem lykilleikmenn í liðinu og eru ómetanleg auðlind fyrir yngri leikmennina.

Þetta lið hefur verið að gera mjög góða hluti og hafa í lok janúar unnið 3 af 5 spiluðum leikjum og sitja því í 4 sæti í deildinni.

Tímabilið fór vel af stað og meistaraflokkur kvenna vann 3 fyrstu leikina sína, en eftir 3 leiki var tímabilinu frestað og fór ekki aftur af stað fyrr en í janúar 2021.

Um miðjan janúar hófst keppni aftur hjá þeim og eftir að hafa tapað tveimur leikjum þá komu þær til baka og sigruðu þrjá næstu leiki. Liðið er því í efsta sæti með Keflavík eftir átta leiki og hafa þær unnið 6 leiki en tapað 2 leikjum.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla var færður niður úr Dominos deild í 1. deild eftir að stjórn KKÍ flautaði tímabilið af á vormánuðum 2021 en árangur liðsins tímabilið 2019/2020 hafði ekki verið í samræmi við þær væntingar sem gerðar höfðu verið til þess en liðið var með 2 unna leiki á tímabilinu en 19 tapaða.

Stjórn deildarinnar tók þá ákvörðun að horfa til framtíðar með þeim sterku árgöngum sem eru að koma upp í drengja- og unglingaflokk og byggja grunninn á þessum leikmönnum og nýta næstu tímabil í að styrkja þessa leikmenn með því að gefa þeim tækifæri til þess að öðlast reynslu í fyrstu deild áður en stefnan yrði tekin á að fara aftur í Dominos deildina.

Hjá meistaraflokki karla voru fengnir inn tveir erlendir leikmenn til þess að styrkja liðið en eftir aðeins einn leik hjá þeim í október var tímabilinu frestað og hófst það ekki aftur fyrr en núna í janúar, liðið hefur unnið einn leik en tapað þremur.

Stjórnin hefur miklar væntingar til árangurs hjá deildinni, meistaraflokkur kvenna er að gera frábæra hluti og við bindum miklar vonir við að þær fari langt á þessu tímabili. Meistaraflokkur karla hefur sýnt fram á að þar eru ungir og efnilegir leikmenn sem hafa alla burði til þess að koma liðinu í Dominos deildina á næstu tímabilum.

Barna – og unglingastarf er í góðum farvegi og við sjáum að flestir flokkar eru að sýna miklar bætingar og með skipulögðu átaki við að fjölga í flokkunum þá er ekki annað hægt en að horfa með björtum augum til framtíðar.

LISTSKAUTAR

Á aðalfundi listskautadeildarinnar 10. febrúar 2020 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Rakel Hákonardóttir, formaður
- Ingibjörg G. Jónsdóttir, ritari
- Hildur Ýr Harðardóttir, gjaldkeri
- Waleska Giraldo Þorsteinsson, meðstjórnandi
- Eva Brá Hallgrímsdóttir, meðstjórnandi
- Laufey Haflína Finnsdóttir, mótstjóri - hætti í vetur
- Kristel Björk Þórisdóttir, varamaður – hætti um vorið

Skýrsla formanns

Nú er árið 2020 liðið og margir því hugsanlega fegnar þar sem árið hefur verið mörgum erfitt bæði fjárhagslega sem og andlega. Rekstur íþróttafélaga hefur einnig verið erfiður en með hækkandi sól og tilkomu mótefna er von um árið 2021 verði hagstæðara og skemmtilegra þegar hægt verður að aflétta samkomutakmörkunum og íþróttahallir fari að fyllast af glöðum krökkum og fólki til að hreyfa sig í þeirri íþrótt sem það hefur ánægju af að stunda án takmarkana Covid-19.

Í þessari skýrslu munum við fara yfir tímabilið janúar til desember 2020. Þetta ár reyndi vel á þjálfara okkar og stjórn við að aðlaga sig að samkomutakmörkunum vegna Covid-19 og reyna að halda þjálfun iðkenda okkar gangandi þrátt fyrir að svellið og íþróttasalir væru lokaðir og með síbreytilegum reglum frá yfirvöldum.

Í janúar byrjuðum við á að ráða nýjan yfirþjálfara í skautaskólann, Sólbrúnu Ernu Víkingsdóttur. Sólbrún hafði æft hjá félaginu frá því hún var 5 ára og þjálfað við skautaskólann og yngri hópa í framhaldshópum deildarinnar í nokkur ár. Æfingar hjá skautaskólanum hafa gengið mjög vel og eru iðkendur og foreldrar almennt ánægðir með starf skautaskólans.

Óværugesturinn Covid-19 gerði sig heimkominn á landinu í lok febrúar eins og öllum er kunnugt um og hefur gjörbreytt „landslagi“ okkar hér á litlu eyjunni okkar. Það var síðan 23. mars sem öllum íþróttahúsum var lokað og upphófst mikil skipulagsvinna hjá stjórn og þjálfurum að hefja æfingar heima fyrir. Við erum sem betur fer með liðlega og úrræða góða þjálfara sem tóku vel í að halda úti æfingum í gegnum Zoom og setja inn myndbönd. Eins og alltaf með nýju skipulagi eru gerð mistök og það verða árekstrar en þjálfarar okkar tóku vel í athugasemdir og gerðu sitt besta í að hafa æfingar á tímum sem iðkendur gætu mætt og hafa æfingarnar krefjandi eftir getustigi hvers hóps fyrir sig. Iðkendur okkar stóðu sig einstaklega vel að mæta í tímana og eiga mikið hrós skilið. Þetta ástand reyndi ekki síður á börnin eins og það gerði fullorðna.

Skautasvellið opnaði svo aftur 4. maí og hófust æfingar skv. stundatöflu hjá börnum 15 ára og yngri en 16 ára eldri ekki fyrr en 25. maí. Við gerðum okkar best að koma til

móts við iðkendur og foreldra með lengingu tímabils og afsláttar í sumarbúðunum í júní.

Í lok apríl var samningi við Svetlönu Akhmerova yfirþjálfara sagt upp og vann hún út uppsagnarfrest sinn hjá félaginu. Og í byrjun maí var tilkynnt um ráðningu nýs yfirþjálfara, Lorelei Jane Murphy.

Ekki mátti halda vorsýningu í maí og var henni því aflýst. Þar urðum við fyrir tekjutapi en sýningar hafa verið okkar helsta fjáröflun.

Í júní áttu sumaræfingabúðirnar að vera með gestaþjálfurum en vegna ástandsins í heiminum var ekki hægt að verða við því og samþykkti Svetlana að vinna í júní sumarbúðunum. Við vonum innilega að sumarið í ár verði hægt að gera eitthvað skemmtilegt og fá til okkar einhverja góðan gest eða jafnvel gesti.

Lorelei kom til landsins í byrjun ágúst frá Kanada og byrjaði að vinna í skautabúðunum okkar. Hún var mjög glöð að koma aftur til okkar en hún vann hérna sem þjálfari veturinn 2009-2010 og svo hafði hún komið sem gestaþjálfari vorið 2018. Hún hefur unnið í ýmsum löndum og heimsálfum í gegnum tíðina og hefur víðtæka reynslu sem þjálfari. Við erum mjög ánægð með samstarfið og hlökkum til að vinna áfram með henni.

Við réðum Evu Björgu Bjarnadóttur sem skautastjóra í byrjun október og vinnur hún hjá okkur í 50% stöðu á móti því sem hún vinnur 50% fyrir skrifstofu Fjölnis sem verkefnastjóri. Hún er mörgum vel kunn því hún æfði við deildina í mörg ár og starfaði sem þjálfari. Síðast sem yfirþjálfari skautaskólans. Við erum mjög ánægð með vinnu Evu Bjargar og hefur hún staðið sig mjög vel og hlökkum við til að vinna með henni áfram.

Blessaður Covid-19 faraldur hélt áfram að hrella okkur og þurfti að skella aftur í lás 8. október en þjálfarar okkar voru í þjálfun og tóku að þjálfa iðkendur okkar á netinu. Enn og aftur sýna bæði þjálfarar og iðkendur að þeir láta ekki þessa veiru stoppa sig að hreyfa sig og hafa gaman á æfingum þó þær séu heima í stofunni. Við þökkum bæði iðkendum og foreldrum fyrir þolinmæði og þrautsegju á þessum fordæmalausu tímum.

Við reyndum að stytta okkur stundir í vetrafríinu þegar allir áttu að halda sig heima við og hélt nýji skautastjórinn okkar í lok október spurningaleik á netinu. Internetið var aðeins að stríða okkur með hægagangi en það var gaman að sjá hve margir tóku þátt. Þrátt fyrir að keppnisskapið fór á flug hjá sumum þá skemmti fólk sér vel í leiknum.

Skautadeildin okkar átti stórafmæli í 22. nóvember og ætluðu List og Hokkí að halda stóra hátíð saman en því miður þá verður sú hátíð að bíða betri tíma eins og aðrar hátíðir í landinu. Vonandi náum við að slá saman í veislu næsta haust, hver veit.

Miðjan nóvember gátu æfingar hafist aftur á svellinu fyrir 15 ára og yngri og æfingar eldri iðkenda var ennþá heima í stofunni með þjálfarana okkar á tölvuskjánum. Afrekshópurinn okkar mátti síðan mæta byrjun desember en fullorðnir fengu ekki að koma fyrr en núna í janúar 2021.

Herdís Birna Hjaltalín var valin íþróttakona Listskautadeildar árið 2020. Herdís Birna keppti fyrir Íslands hönd á Norðurlandamótinu í listskautum og á Reykjavík International Games í byrjun árs 2020. Þar náði hún nýju persónulegu meti í heildarstigafjölda fyrir bæði prógröm. Herdís hefur skýr markmið og er staðráðin í að gera hvað sem til þarf til að bæta sig. Hún er yngri iðkendum góð fyrirmynd og deildinni til mikilla sóma.

Við máttum ekki heldur bjóða ykkur á jólasýninguna þetta árið en iðkendurnir og þjálfarar bjuggu til ljómandi fína rafræna jólasýningu fyrir okkur sem hægt var að horfa á netinu hvernær sem er og hvar sem er. Hægt var að kaupa aðgang að sýningunni en því miður þá var aðsókn að henni ekki eins góð og vonir okkar stjórnar stóðu til um.

Ennþá er hægt að kaupa aðgang að sýningunni ef þið gleymduð ykkur og langar að kíkja á hana.

Ég vil, kæru foreldrar, leggja áherslu á að samstarf er lykill að góðri velgengni í félaginu og reksturinn deildarinnar rekur sig ekki sjálfur. Félagið þarf aðstoð frá ykkur og því biðla ég til ykkar að bjóða ykkur fram í þau verkefni sem stjórn, skautastjóri eða yfirþjálfari auglýsir eftir. Við erum að fara halda Vormót og Kristalsmót um miðjan mars og vorsýningar í maí ef takmörkunum verður aflétt í þjóðfélaginu. Við þessa viðburði þarf margar hendur annars er þetta ekki hægt. Einnig hafa verið ýmsar fjáraflanir í gangi þetta árið en það hefur verið mjög dræm þátttaka í þeim. Félagið þarnast stuðnings annars þrífst það ekki. Tökum höndum saman (sprittum fyrst) og gerum starfið auðvelt og skemmtilegt því þá líður börnunum okkar best.

Öllum þjálfurum, iðkendum, stjórnarmönnum og öðrum sjálfboðaliðum er þakkað gott starf í þágu deildarinnar á liðnu ári.

F.h. stjórnar Listskautadeild Fjölnis

Rakel Hákonardóttir, formaður

Fjármál

Rekstur Listskautadeildarinnar er frekar þungur þar sem deildin er einungis rekin af iðkendagjöldum og iðkendum hefur því miður farið fækkandi. Mikilvægt er að halda vel utan um rekstur deildarinar svo að hún nái að standa undir sér. Í ársreikningi 2020 erum við að komast úr mínus yfir í plúsi en það gerðist bara þar sem stjórn Fjölnir styrkti okkur ásamt því að við þurftum við ekki að borga full laun í vor vegna Covid-19 þar sem ríkið kom á móts við okkur og borgaði hluta af launum þjálfara. Það er ljóst að hæpið verður að reka deildina einungis af gjöldum iðkenda til framtíðar. Gjöldin eru að sama skapi há að ef þau verða hækkuð mun slíkt einungis valda flótta úr íþróttinni.

Starfsemi Listskautadeildar

Iðkendur, þjálfarar og keppnistímabilið

Iðkendur

Alls voru 112 iðkendur á vorönn 2020 sem skiptist: 59 skautarar í skautaskólanum, 41 skautari í framhaldshópum, 12 skautarar í unglinga og fullorðinshóp. Á haustönninni skráðu sig heldur færri og var heildar fjöldi ekki nema 79 iðkendur sem skiptist: 28 skautarar í skautaskólanum, 39 skautarar í framhaldshópum og 12 skautarar í unglinga og fullorðinshóp. Held þetta sé í sögulegu lágmarki hjá okkur. Við vonum að nýjir þjálfarar og skipulag á æfingum nái að draga að iðkendur á næstu misserum.

Þjálfarar

Breytingar urðu á þjálfarateymi deildarinnar á árinu. Svetlana Akhemerova, sem hóf störf við deildina í ágúst 2019 sem yfirþjálfari hætti störfum sumarið 2020. Lorelei Jane Murphy tók við starfi yfirþjálfara og hóf störf haustið 2020. Hún hafði áður starfað sem yfirþjálfari deildarinnar veturinn 2009-2010 og kom sem gestaþjálfari 2018. Hún hefur mikla reynslu af þjálfun bæði afreksskautara og á öllum getustigum. Hún hefur þjálfararéttindi frá Kanada og hefur lokið mörgum námskeiðum á vegum Kanadíska Skautasambandsins. Í janúar 2020 tók Sólbrún Erna Víkingsdóttir við starfi yfirþjálfara Skautaskólans, ásamt því að þjálfa í framhaldshópum, en hún hefur starfað við listskautadeild síðan 2016.

Eva Björg Bjarnadóttir tók við sem Skautastjóri í október 2020 en áður hafði hún starfað hjá félaginu sem þjálfari frá árinu 2011 og var yfirþjálfari Skautaskólans 2016-2019. Sem

Skautastjóri sér Eva um skipulag og utanumhald starfseminnar, sem og samskipti við þjálfara, foreldra og forráðamenn, iðkendur og stjórn. Hún kemur einnig að þjálfun iðkenda.

Aðrir þjálfarar sem störfuðu við deildina á árinu voru Helga Karen Pedersen, Aníta Lórenzdóttir, Vigdís Björg Einarsdóttir og Hildur Bjarkadóttir, en hún hætti störfum í lok árs 2020.

Áfram sáu Kamila og Alex um afís kennsluna með góðum árangri, en þau hafa bæði starfað við deildina frá árinu 2019.

Þátttaka í innlendum mótum

Reykjavíkurleikarnir (RIG) voru haldnir í Laugardal 24.-26. janúar. Fjölnir var með 12 keppendur í flokkum Chicks, Cubs, Intermediate Novice, Advanced Novice og Junior. Lena Rut Ásgeirsdóttir lenti 3. sæti í Interemediate Novice. Herdís Birna Hjaltalín bætti persónulegt stigamet í frjálsu prógrammi og samanlögð stig hennar voru 95,79. Með þessum árangri náði hún viðmiðum afrekshóps og keppti í framhaldinu á Norðurlandamótinu í febrúar.

Haustmót ÍSS var haldið á Akureyri helgina 25. -27. september. Fjölnir var með 9 keppendur sem kepptu í 6 flokkum. Sandra Hlín Björnsdóttir var í 2. sæti í Intermediate

Novice. Tanja Rut var í 2. sæti í Advanced Novice. Júlía Sylvía var í 3. sæti í flokki Junior.

Frostmót í félagalínu var haldið á Akureyri laugardaginn 26. september. Sex Fjölnisstúlkur tóku þátt í 4 keppnisflokkum. Kayla Amy Eleanor Harðardóttir var í 1. sæti í flokknum 14 ára og yngri.

Þátttaka í erlendum mótum

Norðurlandamótið fór fram í Stavanger í Noregi 6.-9. febrúar. Fulltrúi Fjölnis var Herdís Birna Hjaltalín. Hún keppti í flokknum Junior Ladies. Herdís Birna fékk samtals 84,96 stig og var í 23. sæti.

Framundan

Grunnpróf verða í febrúar.

Tvö mót eru eftir á tímabilinu en það er Vormót ÍSS og Kristalsmótið í félagalínunni. Þessi mót verða haldin í Egilshöll helgina 12. -14. mars. Við munum þurfa aðstoð við uppsetningu og manna stöður á mótinu sjálfu.

Ef aðstæður leyfa munum Við hafa vorsýningu 1. maí hjá skautaskólanum og 29. maí hjá framhaldshópum.

Við vonum að geta haldið út sumarbúðum frá 7. júní til 2. júlí en nánari upplýsingar koma síðar.

SKÁKDEILD

Á aðalfundi skákdeildarinnar 18. febrúar 2020 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Helgi Árnason, formaður
- Erlingur Þorsteinsson, varaformaður
- Margrét Cela, ritari
- Vignir Bjarnason, gjaldkeri
- Gunnlaugur Egilsson, meðstjórnandi
- Aneta Kamila Klimaszweska, varamaður

Virkir félagar deildarinnar eru 112. Engin félagsgjöld eru innheimt.

Starfsemin

Skákdeildin hélt reglulega æfingar fyrir börn og unglinga á fimmtudögum kl. 16.30 - 18:30 í janúar – maí og í september – desember. Vegna sóttvarnarreglna í kringum heimsfaraldurinn Covid-19 féllu skákæfingar niður frá miðjum mars og út apríl og aftur

frá byrjun október fram í miðjan nóvember. Æfingarnar voru skipulagðar með þeim hætti að leiðbeinendur tóku að sér litla hópa í skákþjálfun en umsjónarmaður sá um 5 - 6 umferða skákmót. Veitt voru 10 - 17 verðlaun og happdrættisvinningar fyrir frammistöðu á skákmótunum og undantekningarlaust var börnunum boðið upp á veitingar á miðri æfingu, gómsæta skúffuköku og nóg af köldu vatni.

Á hverja æfingu mættu 30 – 60 börn og unglingar, nokkuð jafnt drengir og stúlkur og hefur þátttakan verið jöfn og góð allt frá stofnun skákdeildar árið 2004. Æfingarnar eru ókeypis og einstaklega skemmtilegar. Þær höfða til allra aldurshópa. Áberandi er hversu margir þátttakendur á skákæfingum finna sig betur í skákinni en í hefðbundnum íþróttum. "Skák fyrir alla" er höfuðmarkmið skákdeildar Fjölnis.

Umsjón með skákæfingum Fjölnis árið 2020 hafði Helgi Árnason formaður skákdeildar sem hefur sinnt því verkefni allt frá stofnun deildarinnar árið 2004. Að skákþjálfun komu auk Helga þau Jóhann Arnar Finnsson, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Joshua Davíðsson, Arnór Gunnlaugsson, Anton Breki Óskarsson, Tinna Kristín Finnbogadóttir og Sigríður Björg Helgadóttir. Arnar Gauti Helgason 6. bekk Rimaskóla var kjörin æfingameistari vetrarins fyrir góða æfingasókn og árangur á skákmótum æfingatímabilsins. Emilía Embla B. Berglindardóttir í 2. bekk Rimaskóla og Íslandsmeistari U8 árið 2019 var kjörin afreksmaður skákdeildarinnar veturinn 2019 – 2020 fyrir góða frammistöðu á skákmótum og fyrir að leiða stúlknasveit Rimaskóla til sigurs í opnum flokki á Jólaskákmóti ÍTR og TR 2019 og Reykjavíkurmóti grunnskóla árið 2020.

Á lokaæfingu í maí var öllum þátttakendum boðið upp á vöflur og Domino´s pítsur.

Fjórar kvennalandsliðsskákkonur Fjölnis tóku þátt í Alþjóðlega skákmótinu í Prag í janúar og stóðu sig vel. Þetta voru þær Hrund Hauksdóttir, Lisseth Acevedo Mendez, Tinna Kristín Finnbogadóttir og Sigríður Björg Helgadóttir. Þær eru allar á svipuðum aldri, f. 1991 – 1996.

Góð þátttaka var á TORG skákmóti Fjölnis sem deildin hélt laugardaginn 1. febrúar. Það voru 64 grunnskólanemendur sem streymdu á þetta áhugaverða mót.

Heiðursgestur mótsins var Hjörvar Steinn Grétarsson stórmeistari, stigahæsti skákmaður Íslands og fv. nemandi Rimaskóla. Hjörvar Steinn ávarpaði keppendur og hvatti þá til dáða með áframhaldandi taflmennsku. Teflt var í þremur flokkum. Sigurvegarar urðu þau Árni Ólafsson í eldri flokk, Einar Dagur Brynjólfsson í yngri flokk og Soffía Arndís Berndsen í stúlknaflokki. Það voru Hagkaup, Emmessís, Ekran og fyrirtækin á Torginu í Grafarvogi sem að styrktu þetta mót með því að gefa 40 vinninga og bjóða öllum þátttakendum upp á veitingar.

Fide meistarinn og Fjölnismaðurinn Sigurbjörn J. Björnsson vann titilinn Skákmeistari Reykjavíkur 2020 eftir magnaðan árangur á Skákþingi Reykjavíkur. Sigurbjörn sigraði með fullu húsi og hlaut 9 vinninga af 9 mögulegum.

Skákdeild Fjölnis heimsótti þrjá grunnskóla í Grafarvogi í janúar og júní. Helgi formaður og Hrafn Jökulsson forseti Hróksins heimsóttu Kelduskóla og Hamraskóla í janúar. Þar tefldi Hrafn fjöltefli og sagði nemendum frá næstu nágrönnum okkar Grænlendingum. Helgi hélt utan um stutt og áhugaverð skákmót. Í lok skólaárs í júní heimsóttu þeir Helgi, Dagur Ragnarsson og Erlingur Þorsteinsson Korpuskóla sem í framhaldinu var lokað

vegan fámennis. Í Korpuskóla var boðið upp á svipaða dagskrá. Fjölnismenn fengu afbragðsviðtökur í öllum skólunum og nemendur og starfsfólk sýndu skákinni mikinn áhuga.

Miðgarðsmótið í Grafarvogi var haldið sextánda árið í röð í hátíðarsal Rimaskóla. Mótið er sveitakeppni, skákkeppni á milli grunnskólanna í Grafarvogi auk Dalskóla í Úlfarsárdal. Skákdeild Fjölnis heldur að venju utan um framkvæmd mótsins í samstarfi við Fjölskylduþjónustuna Miðgarð. Góð þátttaka var í mótinu, 13 skáksveitir, 6 krakkar í hverri sveit, eða alls um 90 keppendur. Rimaskóli mætti með 6 skáksveitir og vann sveit 9. bekkjar skólans Miðgarðsmótið þriðja árið í röð. Skáksveitir Rimaskóla voru nokkuð í sérflokki að þessu sinni og hrepptu 1.,2.,3. og 5. sæti mótsins. Í skólanum er einhver lengsta samfellda skákhefð allra skóla og allar skáksveitir skólans býsna sterkar. Liðsmenn 5 efstu skáksveitanna á mótinu fengu bíómiða frá SAM-bíóunum að launum og Miðgarður gaf verðlaunagripi og öllum þátttakendum veitingar. Skákstjórar voru þeir Helgi Árnason formaður skákdeildarinnar og Ragnar Harðarson frá Miðgarði.

Síðari hluta Íslandsmóts skákfélaga 2019 – 2020 sem átti að fara fram á Selfossi dagana 19. – 21. mars var frestað vegna Covid-19 heimsfaraldursins og náðist ekki að ljúka Íslandsmótinu á árinu 2020. Eftir fyrri hluta mótsins var A sveit Fjölnis í 5. sæti 1. deildar með 20 vinninga af 40 mögulegum.

Magnús I. Guðmundsson einn eigenda skiltagerðarinnar Áberandi ehf. og foreldri í Skákdeild Fjölnis afhenti skákdeildinni tvo glæsilega skiltastanda (rollup) sem Fjölnismenn geta sett upp til kynningar í kringum alla skákviðburði deildarinnar. Afhendingin fór fram á fjölmennri fimmtudagsæfingu í nóvember.

Íslandsmót ungmenna í skák U8 – U16 var haldið 28. nóvember. Emilía Embla B. Berglindardóttir vann Íslandsmeistaratitil í U8 stúlkna, annað árið í röð og Tristan Fannar Jónsson varð í öðru sæti í flokki U8 drengja. Aðrir Fjölniskrakkar í verðlaunasætum urðu þær Sigrún Tara Sigurðardóttir í U8 stúlkna, Heiðdís Diljá Hjartardóttir og María Lena Óskarsdóttir í U12 stúlkna.

Skákdeild Fjölnis og Skákfélagið Huginn mættu til leiks í undankeppni EM taflfélaga í netskák í kvennaflokki sem fram fór helgina 19. og 20. des. Frammistaða íslensku liðanna var afskaplega góð miðað við styrkleika sveitanna. Skákdeild Fjölnis var með stigalægstu skáksveitina í b riðli og stóð sig vel, einkum síðari daginn eftir rólega byrjun fyrri daginn.

Fyrir skáksveit Fjölnis tefldu þær Tinna Kristín Finnbogadóttir (1843), Hrund Hauksdóttir (1819), Lisseth Acevedo Mendez (1845) og Sigríður Björg Helgadóttir (1641)

Í lok ársins, voru þau Sigurbjörn J. Björnsson og Emilía Embla B. Berglindardóttir heiðruð af aðalstjórn Umf. Fjölnis sem afreksfólk skákdeildar árið 2020. Þetta var tilkynnt á fjölmennri verðlaunahátíð Fjölnis í Íþróttamiðstöðinni Dalhúsum 18. desember. Sigurbjörn vann Skákþing Reykjavíkur 2020 með miklum yfirburðum og frábærri frammistöðu, hlaut fullt hús vinninga, 9 vinninga af 9. Hann ber titilinn Skákmeistari Reykjavíkur 2020.

Emilía Embla er yngst í hópi íslenskra framtíðarskákkvenna, nýkrýndur Íslandsmeistari stúlkna U8, annað árið í röð og þegar farin að tefla með ungmennalandsliðum Íslands á Norðurlandamótum. Emilía Embla hóf sýna taflmennsku á Laufásborg undir

handleiðslu Omar Salama og hefur tekið stöðugum framförum eftir að hún hóf nám í Rimaskóla.

Líkt og með aðra íþrótta-og félagsstarfsemi þá einkenndist starfsár Skákdeildar Fjölnis 2020 af því hversu mörgum árlegum skákmótum og skákviðburðum innanlands og erlendis var frestað. Fyrirhuguð heimsókn skákdeildar Fjölnis til Grænlands og skákbúðaferð á vegum deildarinnar innan lands frestast fram á nýtt ár 2021. Fyrir þessum verkefnum fengust styrkir á árinu 2020.

Fundir í stjórn skákdeildar Fjölnis voru fáir á árinu. Stjórnarmeðlimir komu að einstaka verkefnum skákdeildarinnar. Skákdeildin fékk rekstrarstyrk frá ÍTR fyrir árið sem er deildinni nauðsynlegur við uppbyggingu á ókeypis barna og unglingastarfi og til þátttöku á Íslandsmóti skákfélaga. Stjórn ÍTR fær sérstakar þakkir fyrir stuðninginn sem leiddi af sér enn eitt árangursríkt-og ánægjulegt skákár.

Skákdeild Fjölnis vill einnig þakka starfsfólki og aðalstjórn Fjölnis fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Loks ber að þakka húsverði Rimaskóla, Ragnari Bjarnþóri Fjeldsted fyrir gott samstarf, og síðast en ekki síst eldhússtarfsfólki skólans fyrir að baka gómsæta skúffuköku fyrir hverja skákæfingu.

Reykjavík, 23. janúar 2021

Helgi Árnason formaður skákdeildar Fjölnis

SUND

Á aðalfundi sunddeildarinnar 20. febrúar 2020 var ný stjórn kosin og var hún skipuð eftirtöldum aðilum:

- Ingibjörg Kristinsdóttir, formaður
- Regína Ómarsdóttir, varaformaður
- Irma Sigurðardóttir, gjaldkeri
- Kristján R. Halldórsson, ritari
- Þórður Ásþórsson, meðstjórnandi
- Helga Ágústsdóttir, meðstjórnandi
- Ágúst Guðmundsson, meðstjórnandi

Segja má að árið 2020 hafi einkennst af allt öðru en árangri í sundi. Ástandið í þjóðfélaginu vegna Covid-19 setti strik í okkar reikninga eins og annarra á þessu ári. Lokun sundlauga, æfingabann og keppnisbann urðu til þess að markmiðum okkar fólks

þurfti að breyta margoft. Lokanirnar settu einnig strik í reikninginn við rekstur deildarinnar. Við teljum okkur einstaklega heppin með þann hóp foreldra sem fylgir börnum sínum á vegum deildarinnar. Þrátt fyrir æfingabann þá voru foreldrar allra hópa alltaf tilbúnir til að aðlaga sig að þeim aðstæðum sem voru í boði hverju sinni. Við gátum framlengt æfingatímabilið fram á sumarið til að vinna upp glataðan tíma í lauginni í vor. Í haust var svo öllu skellt í lás um miðjan október og fram í desember fyrir alla hópa nema þau allra yngstu. Þau eru fyrst núna í janúar að fá að koma aftur til æfinga. Þá reyndi á fagmennsku þjálfaranna og má segja að þar komu þau Elfa og Birkir sterk inn þegar þau settu upp æfingar í Discord sem náði til allra sundmanna félagsins á eldri stigum. Þegar laugarnar opnuðu aftur í desember var ákveðið að færa alla þjálfun í Grafarvogslaugina. Var þetta gert til að koma í veg fyrir hópablöndun milli hverfa í Reykjavík. Foreldrar máttu ekki koma inn í laugina og greip deildin til þess ráðs að fá ungmenni sem aðstoðarfólk inni í búningsklefum. Yfirþjálfari deildarinnar tók að sér hlutverk "dyravarðar" og tók á móti öllum iðkendum við útihurð og kvaddi alla að æfingu lokinni. Að okkar mati tókst þetta gríðarlega vel enda búum við, við gott samstarf við starfsfólk Grafarvogslaugar auk okkar frábæru foreldra. Árið 2020 var þriðja starfsár Jacky Pellerin. Sunddeildin hélt áfram að vinna að því að halda sundmönnum við efnið með einn af færustu þjálfurum landsins við stjórnvölinn. Það reyndi á þjálfara á þessu ári vegna veirunnar sem stjórnaði öllu og þurfti yfirþjálfari margsinnis þetta árið að endurskipuleggja tímabilið eftir því sem framgangur veirunnar breyttist. Það má segja að deildin hafi notið góðs af því að vera með svo reyndan þjálfara í brúnni á svona tímum, sem vissi með hvaða hætti var hægt að bregðast við með stuttum fyrirvara. Því til viðbótar voru þjálfarar annarra hópa á tánum við breytingar á æfingum eins og fyrr hefur komið fram. Uppsetning æfinga hjá Jacky er með þeim hætti að ekki er um stöðugar bætingar að ræða heldur koma framfarirnar í stökkum sem hann miðar við að komi fram fyrir ÍM25 að hausti og ÍM50 að vori. Vegna ástandsins er lítið hægt að sjá af þessum bætingum þar sem lítið hefur verið um keppnir á árinu. Einnig hafa æfingar verið með þeim hætti að sundmenn eru oft nýkomnir af stað þegar allt er sett í lás og laugin tekin af þeim. Eins og fram kom í skýrslu deildarinnar á síðasta ári þá varð Sunddeild Fjölnis Reykjavíkurmeistarar í janúar í fyrsta skipti í sögu deildarinnar.

Bikarinn hefur verið til sýnis í sundlaug Grafarvogs. Deildinni gefst kostur á að verja titilinn í júní 2021 og vonum við að það náist. Í árslok voru þau Ingunn Jónsdóttir og Kristinn Þórarinsson valin sundfólk Fjölnis og fara þau fyrir flottum hópi sundmanna sem vonandi kemur sterkur til baka úr mjög svo erfiðum tímum við heimaæfingar og bönn.

Í mars, rétt fyrir lokun íþróttamannvirkja héldum við vormótið okkar. Þetta var næst síðasta mótið sem haldið var það vorið í sundinu. Mótið tókst vel í alla staði og sýndi nýkjörin stjórn að hún ætlaði sér góða hluti þar sem stjórnarfólk stökk beint inn í verkefnið án nokkurs undirbúnings. Það að mótið hafi getað farið fram gerði það að verkum að fjárhagur deildarinnar var með betra móti eftir önnina. Lengi fram eftir vorinu var reynt að halda í þá von að komast með yngsta sundfólkið okkar í æfingabúðir til Vestmannaeyja og var okkar fólk í eyjum tilbúið til að gera allt sem í þeirra valdi stóð til að svo mætti vera. Ekkert varð þó af þessu vegna samkomutakmarkanna og vonum við að hægt verði að láta verða að þessum viðburði þar sem mikil vinátta er á milli sunddeildanna.

Hópar deildarinnar voru óbreyttir á vorönninni en tekin var ákvörðun á við upphaf haustannar að bjóða upp á hóp fyrir tveggja ára börn ásamt foreldrum. Hópurinn, Síli, hefur verið ágætlega sóttur en ekki var unnt að halda úti tveimur slíkum eins og vonir stóðu til. Um áramót var ákveðið að deildin myndi bjóða grunnskólabörnum, sem hefðu misst úr skólasundi vegna lokanna sundstaða, upp á námskeið þar sem grunnfærni í sundi yrði æfð. Þetta hefur mælst vel fyrir og er sá hópur fullur. Einnig var ákveðið að reyna að blása lífi í garpahóp deildarinnar með því að bjóða upp á skriðsundsnámskeið sem myndi vonandi leiða til fjölgunar í garpahópnum. Ávinningurinn kemur vonandi í ljós á vormánuðum.

Þjálfaramál

Á vorönn sundársins voru þjálfarar deildarinnar þau Gabríela Rut Vale, Elfa Ingvadóttir, Birkir Snær Helgason og Jacky Pellerin. Gabríela sá um innilaugina, Elfa sá um útilaugina í Grafarvogi og Birkir og Jacky sáu um þjálfun afrekssundmanna í Laugardalslaug. Kristinn Þórarinsson slóst svo í hópinn og sá um sumarnámskeið

deildarinnar. Á haustönninni urðu þær breytingar að Telma Brá Gunnarsdóttir tók við af Gabríelu og Elfa og Birkir Snær skipta með sér þjálfun í útilaug í Grafarvogi og afrekshópi B í Laugardalslauginni auk þess sem Birkir hefur sinnt styrktarþjálfun afrekshópsins. Jacky Pellerin hefur sem áður haft yfirumsjón með öllum hópum ásamt sundþjálfun í Laugardalslauginni. Eins og undanfarin ár höfum við notuð gæfu þess að hafa fært aðstoðarfólk með okkur í innilauginni og var veturinn í vetur engin undantekning.

Námskeið

Sumarnámskeið deildarinnar voru fjölmenn og vel heppnuð. Deildin fékk sundmanninn Kristinn Þórarinsson til að sjá um þau og var gríðarlega gott að hafa einstakling á bakkanum sem kann jafn vel til verka og hann. Kristinn hefur í fjölmörg ár unnið við sumarnámskeið deildarinnar en þetta var í fyrsta skipti sem hann bar ábyrgð á þeim ásamt stjórn. Einnig naut deildin þess að geta ráðið yngri sundmenn í vinnu á námskeiðunum með aðstoð Vinnuskóla Reykjavíkur. Það er nauðsynlegt fyrir íþróttafélög að hafa aðgang að slíkum úrræðum til að létta sér róðurinn við launakostnað. Gott samstarf hefur verið undanfarin ár við Frístundamiðstöðina Gufunesbæ og hafa börn á hennar vegum fengið aðgang að fyrsta tíma dagsins á meðan sumarstarf þeirra hefur verið starfrækt. Allir hóparnir voru fullir og biðlisti á

suma. Einnig hefur verið samstarf við Leikskólann Sunnufold og var það einnig í ár. Leikskólinn kom með börnin ásamt starfsfólki og tók þátt í einu námskeiði. Mikil ánægja er með þetta meðal foreldra leikskólans og mikilvægt að halda þessu áfram. Deildin bauð fleiri leikskólum að taka þátt en ekki var vilji til þess að svo stöddu.

Fjöldi iðkenda í innilauginni í Grafarvogslaug hefur verið á niðurleið síðastliðin ár. Við höfum verið að glíma við það að ná ekki að fylla í alla hópa og gripum því til þess ráðs að breyta til eins og fram hefur komið og bjóða tveggja ára börnum og foreldrum þeirra upp á sér tíma sem helgaður er leik. Leiknum er ætlað að efla færni barnanna til að vera í vatninu og hefja sundæfingar með markvissum hætti í framhaldinu. Þetta mæltist vel fyrir og var einn hópur að störfum fram að lokun lauga í október. Aukning varð á fjölda í sundskóla deildarinnar í haust sem var mikið fagnaðarefni. Iðkendum í útilauginni fjölgaði lítillega á haustönninni og hafa þær raddir sem getið var um í skýrslu síðasta árs ekki heyrst. Mikil gróska var í yngstu hópunum og hafa sundmenn sem voru hættir þjálfun komið að hluta til baka sem er alltaf ánægjuefni. Fjölgun í elstu hópum í útilauginni er með þeim hætti að deildin hefur þurft að óska eftir auknu brautarplássi til að anna aðsókninni. Reynt var að skipuleggja æfingabúðir fyrir yngstu hópana og tókst að halda einar slíkar í janúar. Þá var gist í Dalhúsum og varð uppskeruhátíð deildarinnar hluti af þessum búðum. Kristinn Þórarinsson afreksmaður deildarinnar hitti þar yngstu sundmennina okkar og ræddi markmiðasetningu við þau ásamt því að svara spurningum. Mikil gleði var að hitta fyrirmyndina sína og er haft eftir foreldum að mörg þeirra nutu vel. Ekki var unnt að fara út á land í æfingabúðir þrátt fyrir skipulag af hálfu deildarinnar vegna veirunnar. Það er mikilvægt að halda áfram og nýta hvert tækifæri til félagslegra athafna því félagslegur þáttur íþróttaiðkunar er einn af hornsteinum heilbrigðs íþróttalífs. Í Laugardalslaug fer afreksstarfið fram. Alls voru 23 iðkendur skráðir til æfinga í afrekshópum deildarinnar á vorönninni en 20 á haustönninni. Iðkendur sem æfa á afreksstigi eru á 6 til 11 æfingum í viku og eru þá bæði styrktar- og sundæfingar inni í því. Nýliðun í afrekshópum hefur gengið hægt þar sem yngri sundmenn og ekki síst foreldrar þeirra mikla fyrir sér það að hefja æfingar í Laugardalnum. Lítið virðist vera um samvinnu foreldra við að keyra og sækja á æfingar og er óhætt að segja að strætósamgöngur séu ekki að auðvelda iðkendum að fara á

eigin vegum úr hverfinu á æfingar. Mikið og faglegt starf á sér stað í elstu hópunum okkar en við gerum okkur grein fyrir því að betur má ef duga skal við uppbyggingu afrekssundamanna framtíðarinnar. Deildin hefur á að skipa tveimur sundmönnum sem hafa náð lágmörkum í landsliðshópa Sundsambands Íslands en það eru þeir Kristinn Þórarinsson og Ingvar Orri Jóhannesson. Eygló Ósk Gústafsdóttir okkar besta sundkona til margra ára ákvað í vor að segja þetta gott og setja bolinn á hilluna. Það er mikill sjónarsviptir af henni í lauginni en við fögnum því jafnframt að hafa haft hana í okkar röðum þó um stutt skeið hafi verið. Miklar vonir eru bundnar við sundkonu og sundmann ársins þau Ingunni Jónsdóttur sem gekk til liðs við deildina fyrir rúmu ári síðan og Kristinn Þórarinsson sem stefnir á að komast á Ólympíuleikana á þessu ári.

Sunddeildin hefur verið í samstarfi við Knattspyrnudeild og Frjálsíþróttadeild um framkvæmd Fjölnisjaxlsins, þríþrautarkeppni Fjölnis. Áætlanir um framkvæmd mótsins í ár var sjálfhætt vegna samkomutakmarkanna. Umræður um stofnun þríþrautadeildar hefur verið nokkur en framkvæmdin virðist flókin. Sunddeildin hefur lýst því yfir að hún sé tilbúin til samstarfs fari slík deild af stað enda sé það eingöngu deildinni til hagsbóta að fá slíka viðbót við starfið.

Framtíðarhorfur

Almennt séð má segja að það sé örlítil fjölgun í deildinni hjá okkur. Vorönnin fer vel af stað og er staðan þegar þetta er ritað sú að vöntun er á brautarplássi til að deildin geti stækkað eðlilega. Deildin hefur miklar væntingar við byggingu laugarinnar í Úlfarsárdal enda fengið vilyrði fyrir æfingaplássi þar sem yrði gríðarlegur aðstöðuauki fyrir deildina og yrði til þess að við gætum þjónustað Grafarholtið mun betur en nú er. Öflugt starf í Grafarvogslaug og lauginni í Grafarholti verður því ætíð grunnurinn að sterkri Sunddeild Fjölnis. Við 13-14 ára aldursmarkið kemur síðan stórt og mikilvægt skref er sundmenn sem geta náð lámörkum og komist upp í afrekshóp í Laugardalnum, þar sem þau fá tækifæri á að þjálfa við bestu aðstæður og með öflugu þjálfarateymi. Er það von okkar að með þessu fyrirkomulagi eflum við þrótt mikið starf okkar, höldum elstu sundmönnum lengur við æfingar og eflum framgang sundíþróttarinnar í Reykjavík.

Samstarf

Í júlí samdi deildin við Aquasport (Tjaldfélagið ehf.) um afslátt og styrki fyrir sundmenn deildarinnar. Í kjölfarið var ákveðið að deildin þyrfti nýja sundhettu þar sem samkeppnisaðilinn var á síðustu sundhettum félagsins. Leitað var til þjálfara og sundmanna deildarinnar og úr varð að Ingvar Orri Jóhannesson, sundmaður úr afrekshópi, hannaði sundhettu sem tengir við goðafræðina. Tákn deildarinnar er styrkur, hugrekki og heilbrigði og var táknið vegvísir settur aftan á hettuna. Almenn ánægja er með hetturnar og var ákveðið að gefa öllum iðkendum hettu þegar þær komu í hús og verða þær í framhaldinu til sölu hjá stjórn. Á haustmánuðum samdi félagið við New Wave Iceland um CRAFT félagsfatnað. Ákvarðanir um fatnaðinn voru gerðar í samvinnu við elstu sundmenn deildarinnar. Sá fatnaður sem óskað er eftir að sundmenn eigi er; stuttermabolur, hettupeysa og stuttbuxur. Einnig var í boði fyrir sundmenn að kaupa sér síðerma bol og síðbuxur. Þjálfarar fengu einnig úlpur til að nota við þjálfun í útilaug. Undanfarin ár hefur verið reynt að halda úti samstarfi á meðal Reykjavíkurfélaganna. Meginmarkmið þess hefur verið að halda sundmönnunum okkar lengur við æfingar en vitað er að þegar ungmenni fara í framhaldsskóla þyngist róðurinn og bitnar það oft á íþróttaiðkun þeirra. Í upphafi voru fjögur félög í þessu

saman en eftir fyrsta árið dró Sundfélagið Ægir sig út úr því. Síðastliðið haust fékk Sunddeild Ármanns nýjan yfirþjálfara sem óskaði eftir því að fá að vinna með sitt fólk án samstarfs nema að litlu leiti. Stjórn deildarinnar leitaðist þá við að formfesta samstarfið við Sunddeild KR þar sem þónokkurt ójafnvægi var í vinnuframlagi milli deilda. Lítill sem enginn áhugi var hjá forsvarsmönnum þess félags að ganga til formlegra samninga og ákvað stjórn deildarinnar í desember að slíta þessu samstarfi bréflega til Sunddeildar KR. Samstarfið við Sundfélagið Óðinn á Akureyri hélt áfram og hafa sundmenn frá okkur fengið að æfa með þeim þegar þeir hafa verið staðsettir á Akureyri. Deildin mætti á Sprengimót Óðins ásamt sundmönnum úr KR í september. Sú ferð var í alla staði vel lukkuð og mikil ánægja allra sem þarf voru með þessa ferð.

Sunddeildin er hluti af Sundráði Reykjavíkur (SRR). Deildin fer með formennsku í ráðinu í tvö ár frá janúar 2020 - janúar 2022. Formaður deildarinnar ásamt stjórnarmanni sitja

fundi ráðsins og fara með málefni þess gagnvart ÍTR og ÍBR. SRR hefur milligöngu um úthlutanir brauta í laugum borgarinnar ásamt því að halda Reykjavíkurmeistaramót, B-mót og C- mót. Árið var mjög viðburðarríkt hjá ráðinu þar sem ákveðið var að kæra meint brot Sundfélags á sóttvarnarlögum til ÍSÍ. Málið endaði fyrir Íþróttadómstóli ÍSÍ og lauk með dómssátt. Að okkar mati var þetta mjög lærdómsríkt ferli og nauðsynlegt. Það er mikilvægt að standa vörð um sundfólkið okkar og gæta réttar þeirra og jafnræðis og verður íþróttafólkið okkar að vita að stjórnarmenn standa við bakið á þeim og vinna fyrir þá. Málið vakti töluverða athygli í íþróttaheiminum og leiddi margt gott af sér eins og meira samtal, aukið gagnsæi og starfsreglur stjórnar Sundsambands Íslands.

Mótamál

Sundmótin okkar eru undirstaða starfsemi deildarinnar og þessu þarf að koma til skila til foreldra yngri sundmanna. Þarna eru tækifæri sem hægt er að nýta betur og skapa meiri tekjur en ekki síður meiri upplifun af sundmótunum. Við héldum Vormótið okkar í mars og rétt sluppum áður en takmarkanir vegna veirunnar skullu á og lokuðu fyrir allt slíkt. Við vorum ekki eins heppin í desember en vegna ástandsins í þjóðfélaginu misstum við af mótinu okkar og því af umtalsverðum fjármunum. Deild sem ekki er stærri en þetta má illa við að missa af slíkum fjármunum og má með sanni segja að styrkir sem fengust frá ríkinu gerði það að verkum að deildin stendur jafnvel fjárhagslega í dag og raun ber vitni. Vegna ástandsins hefur lítið verið um fjáraflanir en þó hefur deildin staðið fyrir eftir farandi fjáröflunum: Febrúar: klósettpappír, eldhúsrúllur, páskaegg ofl. Maí: grillkjöt og frosnar kjötvörur Ágúst: vörutalning í Bónus September: klósettpappír, eldhúsrúllur og lakkrís Nóvember: jólavörur Fastir liðir eins og Sumarhlaup ÍBR og Reykjavíkurmaraþon féllu niður vegna veirunnar, en þetta hafa verið stærstu fjáraflanir einstaklinga á ári hverju. Það verður því erfitt fyrir iðkendur að standa straum af kostnaði ef höft losna. Sameiginleg fjáröflun félagsins skilaði sunddeildinni ekki miklu. Mögulega þarf að kynna þetta betur og gera fólki grein fyrir gæðum þess að taka þátt í slíkum verkefnum. Það er mat sunddeildar að slíkar fjáraflanir á vegum félagsins eigi að vera með vörum sem deildir almennt eru ekki að nýta í sínum fjáröflunum. Þetta krefur skipuleggjendur um útsjónarsemi og frjóa hugsun. Segja má að rekstur deildarinnar sé í góðum málum. Eftir töluvert tap á síðasta

rekstrarári hefur náðst sá árangur, þrátt fyrir Covid-19, að halda rekstrinum í jafnvægi. Það er ekki auðvelt á svona tímum og er stjórn deildarinnar á því að ef ekki væri fyrir svo öflugan og þolinmóðan foreldrahóp værum við ekki í þessum sporum í dag. Það er engin launung að samskipti við skrifstofu vegna fjármála mættu vera betri og skilvirkari. Stjórnarmenn deilda eru í sjálfboðaliðastarfi og mikilvægt að starfsfólk félagsins sé á tánum við að svara fyrirspurnum og öðru sem leitað er til þeirra með. Einnig er það mat stjórnarinnar að fjármál félagsins þarf að skoða, það að hafa félagið rekið sem eitt í tengslum við fjármál setur deildir eins og sunddeildina oft í vanda. Deildin er rekin með þeim hætti að ekki er verið að eyða um efni fram og því mikilvægt að skuldbindingar deildarinnar gangi fyrir þegar standa þarf við þær, fjármagnið er til enda bendir rekstur deildarinnar til þess.

Foreldrastarf

Foreldrastarfið hefur vegna ástandsins verið lítið sem ekkert. Lítið sem hægt hefur verið að gera saman nema að standa vaktina t.d. á sundmótinu okkar. Við þurfum klárlega að gera betur bæði við að tengja foreldra betur saman og einnig að fá þá til liðs við deildina í starfinu. Auðvelt var að leita til foreldra elsta hópsins með farastjórn á mótið til Akureyrar en önnur mót s.s. Akranesleikar og AMÍ voru erfiðari viðfangs. Sunddeildin býr svo vel að enn eru foreldrar að vinna fyrir deildina þó svo að börnin séu löngu hætt að æfa. Til að sýna þakklæti í verki þá var þeim boðið t.a.m. að synda í hóp hjá deildinni þeim að kostnaðarlausu. Það er gríðarlegur fjársjóður að geta leitað til fólks með mikla reynslu til að sinna vinnu innan hreyfingarinnar fyrir deildina. Á stjórnarfundi sem haldinn var í febrúar 2020 bauð sig fram til starfa í stjórn einvala lið fólks sem sýnt hefur á árinu að það vill deildinni allt hið besta og hefur lagt sig mikið fram við að halda úti starfi sem sómi er af.

Framtíðin getur ekki verið annað en björt fyrir sunddeildina. Fjölgun í félaginu nú á vormánuðum, öflugt starfsfólk og stjórn getur náð langt ef allir leggjast á eitt við að ná þeim markmiðum sem við setjum okkur þ.e. að vera með sundfólk í fremstu röð. Þetta krefst vinnu og samstarfs margra aðila. Það er von stjórnar að sú vinna sem farið hefur

